



# Íslenska lífeyriskerfið í umbreytingu

*Auknar ævilíkur,  
þyngri örorkubyrði  
og vaxandi kaupmáttur*

*Samspil lífeyrissjóða  
og almannatrygginga  
á næstu áratugum*





# Íslenska lífeyriskerfið í umbreytingu

Auknar ævilíkur, þyngri örkubyrði og  
vaxandi kaupmáttur.

Samspil lífeyrissjóða og almannatrygginga  
á næstu áratugum.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS  
Borgartúni 35, 105 Reykjavík  
[www.sa.is](http://www.sa.is)







## Formáli

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er á miklu umbreytingaskeiði. Lífeyrissjóðunum fer fækkandi ár frá ári þar sem hag sjóðsfélaganna er betur borgið í stærri einingum með aukinni áhættudreifingu og hagkvæmari rekstri.

Lífeyrissjóðirnir hafa náð þeirri stærð að ellilífeyrisgreiðslur þeirra eru orðnar meiri en greiðslur ríkisins til ellilífeyrisþega og á næstu áratugum verða lífeyrisgreiðslur þeirra margfaldar á við ellilífeyrisgreiðslur ríkisins. Full ástæða er því til að greina og kortleggja núverandi stöðu og áskoranir þær sem lífeyriskerfið stendur frammi fyrir ásamt því samspili sem er á milli lífeyrisgreiðslna lífeyrissjóðanna og almannatrygginga.

Vaxandi ævilíkur og aukin örorkutíðni hafa aukið framtíðarskuldbindingar lífeyrissjóðanna verulega en þessar breytingar leggjast mjög mismunandi á einstaka sjóði. Samið hefur verið um auknar greiðslur til lífeyrissjóða í kjarasamningum til þess að mæta þessum auknu skuldbindingum. Þá geta lækkandi markaðsvextir hugsanlega reynt á þá vaxtaforsendu sem lífeyrisloforð grundvallast á þegar fram í sækir.

Skýrsla þessi er framlag til þeirrar umræðu sem á sér stað á milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda og þeirrar sameiginlegu vinnu sem ákveðið var að fara í með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þann 15. nóvember 2005. Skýrslan á einnig erindi við þá sem starfa á vettvangi lífeyrissjóðanna og er tilgangur hennar að upplýsa og fræða þannig að hún á í raun erindi til allra sem áhuga hafa á þessum mikilvæga málaflokki.

Samtök atvinnulífsins vilja þakka Lífeyrissjóði verzlunarmanna, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Gildi-lífeyrissjóði, Sameinaða lífeyrissjóðnum og Lífeyrissjóði Norðurlands fyrir gott samstarf. Einnig á Tryggingastofnun ríkisins þakkir skyldar fyrir jákvæðar undirtektir við óskum um gagnavinnslu. Þá er Bjarna Guðmunds-syni, tryggingastærðfræðingi, þakkað fyrir hans framlag til skýrslunnar.

Mars 2006.

Hannes G. Sigurðsson





## Efnisyfirlit

Samantekt .....	5
1. Lífeyrissjóðir og kjarasamningar .....	6
1.1 Lífeyrissjóðir sameinast og þeim fækkar ört .....	6
1.2 Mikill vöxtur og eignir lífeyrissjóða .....	6
1.3 Frjáls viðbótarlífeyrissparnaður .....	7
1.4 Sjóðirnir hluti af kjarasamningum .....	7
1.5 Samið um hækkun iðgjalds 2005 og 2007 .....	8
1.6 Breytingar lífeyrissjóðanna samhliða hækkun iðgjalds .....	9
1.7 Breyting úr jafnri í aldursháða ávinnslu réttinda .....	10
1.8 Jöfnun og lækkun á örorkubyrði lífeyrissjóða frá árinu 2007 .....	13
2. Lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða á almennum markaði 1997-2004 .....	14
2.1 Helstu kennitölur sjóðanna á almennum vinnumarkaði .....	14
2.2 Þróun fjölda lífeyrisþega sjóðanna 15 .....	15
2.3 Skipting lífeyrisgreiðslna milli lífeyristegunda .....	16
2.4 Örorkubyrði eftir lífeyrissjóðum .....	17
3. Könnun SA á tryggingafræðilegum uppgjörum 15 lífeyrissjóða .....	18
3.1 Breyttar forsendur um ævilíkur í uppgjörum fyrir 2004 .....	19
3.2 Nýjar örorkulíkur byggðar á innlendri reynslu .....	20
3.3 Samanburður á eldri örorkulíkum og ósamþykktri tillögu um nýjar örorkutölur .....	21
3.4 Samanburður á tryggingafræðilegum athugunum 2003 og 2004 .....	23
3.4.1 Heildareignir lífeyrissjóðanna 15 .....	24
3.4.2 Heildarskuldbindingar lífeyrissjóðanna 15 .....	24
3.4.3 Sundurliðun skuldbindinga lífeyrissjóðanna 15 .....	25
3.4.4 Versnandi staða vegna breyttra forsendna .....	26
3.4.5 Tryggingafræðileg staða einstakra lífeyrissjóða .....	26
3.4.6 Lífeyrisbyrði einstakra lífeyrissjóða .....	27
4. Lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins .....	29
4.1 Ellilífeyrir .....	29
4.1.1 Tekjutengingar ellilífeyris og tekjutryggingar .....	30
4.2 Örorkulífeyrir TR .....	32
4.3 Úrvinnsla á gögnum frá TR um ellilífeyrisþega .....	33
4.3.1 Meðalfjárhæðir greidds ellilífeyris .....	33
4.3.2 Aðrar tekjur ellilífeyrisþega .....	34
4.3.3 Dreifing ellilífeyrisgreiðslna TR .....	34
4.3.4 Dreifing heildartekna ellilífeyrisþega .....	35
4.4 Úrvinnsla á gögnum frá TR um örorkulífeyrisþega .....	36
4.4.1 Meðalfjárhæðir greidds örorkulífeyris .....	36
4.4.2 Aðrar tekjur örorkulífeyrisþega .....	37
4.4.3 Dreifing örorkulífeyrisgreiðslna TR .....	38
4.4.4 Dreifing tekna örorkulífeyrisþega úr lífeyrissjóðum .....	38
4.4.5 Dreifing heildartekna örorkulífeyrisþega .....	39
5. Þróun lífeyrisgreiðslna og samspil við ellilífeyri TR .....	41
5.1 Fjölgun aldraðra .....	41
5.2 Áhrif núverandi lífeyrisgreiðslna á ellilífeyrisgreiðslur TR .....	42
5.3 Þróun lífeyrisgreiðslna lífeyrissjóðanna næstu áratugi .....	43
5.3.1 Helstu forsendur og aðferðir .....	44
5.3.2 Framreikningur á meðalgreiðslum lífeyrissjóða .....	46
5.4 Samspil lífeyrissjóða og almannatrygginga .....	47



## Samantekt

Íslenska lífeyrissjóðakerfið mun breytast mikið á næstu áratugum og líkur eru á að smám saman verði hlutverk lífeyrissjóðanna yfirgnæfandi þegar kemur að greiðslu lífeyris í stað hins opinbera.

Í þessari skýrslu er í fyrsta sinn lagt mat á samspil greiðslna Tryggingarstofnunar ríkisins og lífeyrisgreiðslna lífeyrissjóða. Það leiðir í ljós að meðallífeyrir frá lífeyrissjóðum, sem er nú um 60 þúsund kr. á mánuði, muni tvöfaldast á næstu 25 árum og verða 120 þúsund árið 2030. Nýir lífeyrisþegar fá nú um 80 þúsund kr. á mánuði að meðaltali úr lífeyrissjóðunum en sú fjárhæð mun tvöfaldast á næstu þremur áratugum.

Lífeyrisþegum á Íslandi mun fjölga verulega frá því sem nú er. Eftir þrjú áratugi verða 67 ára og eldri orðnir tvöfalt fleiri en nú. Árið 2045 er því spáð að þeir verði 67 þúsund og 19% íbúanna, eða nálægt því tvöfalt fleiri hlutfallslega en þeir eru nú.

Til að varpa ljósi á þær áskoranir sem íslenska lífeyrissjóðakerfið stendur frammi fyrir, gerðu SA könnun á tryggingarfræðilegum uppgjörum 15 lífeyrissjóða en þær niðurstöður, sem birtar eru í skýrslunni, hafa ekki legið fyrir opinberlega áður. Ævilíkur fólks af báðum kynjum hafa aukist en þrátt fyrir næstum því tvöföldun í fjölda ellilífeyrisþega munu greiðslur almannatrygginga einungis aukast um 50%. Á sama tíma munu greiðslur lífeyrissjóðanna fimmfaldast.

Þróun í átt til færri lífeyrissjóða er hröð og er hugsanlegt að aðeins fjórir til fimm sjóðir muni að lokum standa eftir á almennum vinnumarkaði. Þegar svo verður komið mun skylduaðild að tilteknum sjóði skipta litlu máli en meginmálið verður skylduaðild að lífeyriskerfinu.

Lífeyrissjóðirnir í heild greiddu hærri fjárhæð til ellilífeyrisþega en ríkið árið 2004. Heildargreiðslur þeirra námu 20,4 milljörðum króna samanborið við 19,3 milljarða greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins.

Lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði glíma við vanda vegna aukinnar örorkutiðni og lengri meðalævi. Uppgjör ársins 2004 leiða í ljós að vanmat á framtíðarörorkubyrði sjóðanna hefur verið töluvert á undanförunum árum. Einkum er tíðni örorku hjá konum mun meiri en áður var talið. Þrátt fyrir góða ávöxtun eigna lífeyrisjóðanna á árinu 2004 versnaði tryggingafræðileg staða þeirra á árinu.

Viðfangsefni lífeyrissjóðanna eru gríðarlega mikilvæg fyrir framtíðarvelferð þjóðarinnar. Sjóðirnir í heild eru mikið afl á innlendum verðbréfa- og hlutabréfamarkaði og meginuppspretta sparnaðar í landinu. Vöxtur eigna lífeyrissjóðanna hefur verið mikill undanfarin ár og nemur vöxturinn tæpum 90% að raungildi frá árinu 1997 til 2004 eða 12% árlega að meðaltali.





## 1. Lífeyrissjóðir og kjarasamningar

- Þróunin í átt til færri lífeyrissjóða er hröð og er hugsanlegt að fjórir til fimm sjóðir muni að lokum standa eftir á almennum vinnumarkaði.
- Sjóðirnir í heild eru mikið afl á innlendum verðbréfa- og hlutabréfamarkaði og meginuppspretta sparnaðar í landinu.
- Lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði glíma við vanda vegna aukinnar örorkutiðni og lengri meðalævi. Óhjákvæmilegt var að draga úr ávinnslu réttinda samhliða hækkun iðgjaldsins.
- Með aldurstengingu réttindaávinnslu hefur skapast betra jafnvægi á milli réttindamyndunar og ávöxtunar lífeyrisiðgjalda hvers og eins og leystur er sambýlivandi tveggja mismunandi réttindakerfa á almennum vinnumarkaði.

### 1.1 Lífeyrissjóðir sameinast og þeim fækkar ört

Lífeyrissjóðum fækkar ört. 5 stærstu sjóðirnir réðu 54% heildareigna lífeyrissjóða árið 2004 og 10 stærstu 71%.

Lífeyrissjóðirnir í landinu voru 48 í árslok 2004 en 38 þeirra tóku á móti iðgjöldum. Af þessum 38 sjóðum störfuðu 25 fyrir sjóðsfélaga utan hins opinbera og fækkaði þeim um tvo á árinu 2005. Viðræður um sameiningu standa yfir sem leitt gætu til fækkunar um fjóra sjóði til viðbótar á þessu ári. Þróunin í átt til færri lífeyrissjóða er því hröð sem sjá má af því að fimm stærstu sjóðirnir höfðu yfir að ráða 54% heildareigna lífeyrissjóða árið 2004 og 10 stærstu 71%. Þegar til lengri tíma er litið, og sameiningarferlið verður á enda, er ekki ósennilegt að eftir standi þrír til fjórir sjóðir á almennum vinnumarkaði, þ.e. sjóðir fyrir verslunar- og skrifstofufólk, verkafólk og sjómenn, iðnaðarmenn og hugsanlega einn til tveir landsbyggðarsjóðir og síðan einn eða tveir sjóðir fyrir ríkisstarfsmenn og starfsmenn sveitarfélaga. Þegar svo verður komið mun skylduaðild að tilteknum sjóði skipta litlu máli en meginmálið verður skyldaðild að lífeyriskerfinu.

### 1.2 Mikill vöxtur og eignir lífeyrissjóða

Ráðstöfunarfé 2004 nam 453 milljörðum króna. Sjóðirnir eru því mikið afl á innlendum verðbréfa- og hlutabréfamarkaði.

Lífeyrissjóðirnir voru settir á stofn af samningsaðilum á vinnumarkaði í þeim tilgangi að launamenn og vinnuveitendur þeirra legðu til hliðar ákveðið hlutfall launakostnaðarins á hverjum tíma til þess að tryggja ellilífeyri sem háður væri tekjum á starfsævinni, auk örorku-, maka- og barnalífeyris sem einnig væri háður greiddum iðgjöldum. Sjóðirnir hafa vaxið gríðarlega undanfarin ár og námu eignir þeirra um 1.200 milljörðum króna í árslok 2005 sem nam liðlega 120% af landsframleiðslu ársins. Þetta eru miklar eignir og meiri hlutfallslega en um getur meðal flestra annarra þjóða sem byggt hafa upp söfnunarsjóði til greiðslu eftirlauna eins og hér



tíðkast. Ráðstöfunarfé sjóðanna árið 2004 nam 453 milljörðum króna. Sjóðirnir í heild eru því mikið afl á innlendum verðbréfa- og hlutabréfamarkaði auk þess að vera meginuppspretta sparnaðar í landinu.

### 1.3 Frjáls viðbótarlífeyrissparnaður

Auk skyldubundins sparnaðar skv. lögum í samtryggingarlífeyrissjóðum hefur frjáls viðbótarlífeyrissparnaður farið vaxandi undanfarin ár. Hann á rót sína að rekja til hvata í skattalögum en Alþingi breytti lögum um tekjuskatt árið 1999 á þann veg að launamönnum væri heimilt að draga allt að 4% tekna sinna frá skatti ef þeir legðu þær í séreignarlífeyrissparnað sem uppfyllti tiltekin skilyrði. Í kjarasamningum árið 2000 var síðan samið um mótframlag vinnuveitenda, þannig að ef launamaður sparaði 2-4% í séreignarlífeyrissjóð þá fengi hann 2% mótframlag frá vinnuveitanda. Árið 2005 fengu 83.400 framteljendur frádrátt frá tekjuskatti, vegna tekna ársins 2004, sem nam 7.626 m.kr. Að viðbættu mótframlagi vinnuveitenda hefur því séreignarlífeyrissparnaður numið í kringum 13 milljörðum króna árið 2004. Til samanburðar nam 4% iðgjald 166.060 framteljenda í samtryggingarlífeyrissjóði samtals 16.535 m.kr. þannig að nákvæmlega helmingur framteljenda tók þátt í viðbótarlífeyrissparnaði og nam hann næstum því sömu upphæð og 4% iðgjald launamanna í samtryggingarlífeyrissjóðina.

Séreignarlífeyrissparnaður nam 13 milljörðum króna árið 2004.

### 1.4 Sjóðirnir hluti af kjarasamningum

Lífeyrissjóðir fyrir starfsmenn á almennum vinnumarkaði voru almennt settir á stofn með kjarasamningi milli ASÍ, f.h. aðildarféлага þess, og VSÍ árið 1969, en Lífeyrissjóður verzlunarmanna var stofnaður rúmum áratug fyrr með kjarasamningi milli VR og VSÍ. Sparnaður í lífeyrissjóðunum fyrstu áratugina skilaði launamönnum ekki miklum lífeyrisréttindum þar sem raunávöxtun var neikvæð vegna mikillar verðbólgu og sjóðunum gafst ekki kostur á verðtryggðum skuldabréfum til fjárfestingar, auk þess sem ekki var greitt iðgjald nema af hluta tekna og rík tilhneiging var til þess að víkjast undan greiðslu iðgjalda. Lífeyrissjóðirnir tóku fyrst að byggjast upp eftir 1980 þegar þeim gafst kostur á að festa fé í verðtryggðum skuldabréfum og jafnframt mörkuðu almennir kjarasamningar árið 1986 þáttaskil, en þá var samið um að í áföngum yrði greitt iðgjald í lífeyrissjóði af öllum launum og lauk síðasta áfanganum árið 1989. Í desember 1995 gerðu ASÍ og VSÍ samning um lífeyrismál sem að formi til var endurnýjun og viðauki við kjarasamningana frá 1969 um stofnun og starfrækslu sjóðanna. Með samningnum voru settar skýrar reglur um málefni sjóðanna, rekstur þeirra, réttindi og skyldur. Með lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða var meginefni samnings ASÍ og VSÍ felld inn í lög og nær frá þeim tíma skyldan til greiðslu tiltekins lágmarks-

Meginefni samnings ASÍ og VSÍ um lífeyrismál frá 1995 var lögfest 1997.







Stéttarfélag á almennum vinnumarkaði hafa krafist sömu réttinda og opinberir starfsmenn.

iðgjalds og aðildar að samtryggingarlífeyrissjóði til allra landsmanna, ekki einungis til félagsmanna stéttarfélaga.

Frá 1989 til 2005 námu iðgjöld í lífeyrissjóði á almennum vinnumarkaði almennt 10% af heildarlaunum en fyrir þann tíma voru yfirvinnugreiðslur og fleiri launaliðir ekki hluti iðgjaldsstofnsins. Iðgjaldið hefur skipst þannig að 4% hafa verið dregin af launum og 6% verið framlag launagreiðanda sem launatengt gjald. Frá þessu hafa verið frávik í nokkrum lífeyrissjóðum þar sem iðgjald launagreiðenda hefur verið hærra<sup>1</sup>. Stærstur þeirra er Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins þar sem iðgjaldið er nú 15,5% og er hlutur launagreiðandans 11,5%. Sama gildir um iðgjald í Lífeyrissjóð sveitarfélaga og nýverið hafa stéttarfélag innan ASÍ samið við sveitarfélögin um sama hlutfall. Þá má nefna að iðgjald launagreiðenda í kjarasamningi bankamanna er samtals 13%, 6% í samtryggingarsjóð og 7% í séreignarsjóð, til viðbótar við 4% iðgjald launamanna. Um árabíl hafa stéttarfélag á almennum vinnumarkaði haft uppi kröfur um samræmingu á réttindum á almennum og opinberum vinnumarkaði. Nýmælið í kjarasamningum ársins 2000 um 2% mótframlag launagreiðenda gegn 2-4% séreignarsparnaði launamanna var einmitt hugsað sem áfangi í brúun bils milli lífeyriskjara á almennum og opinberum vinnumarkaði. Þegar upp var staðið minnkaði þó ekki bilið þar sem síðar var samið um sams konar mótframlög í kjarasamningum ríkis og sveitarfélaga við viðsemjendur sína.

### 1.5 Samið um hækkun iðgjalds 2005 og 2007

Í viðræðum um endurnýjun samninga í ársbyrjun 2004 settu verkalyðsfélögin fram kröfur um hækkun iðgjalds í lífeyrissjóði og jöfnun lífeyrisréttinda á almennum markaði til jafns við kjör hjá opinberum starfsmönnum. Í greinargerð<sup>2</sup> sem lögð var fram af hálfu ASÍ í viðræðum um endurnýjun kjarasamninga aðildarfélaga Starfsgreinasambandsins kvað hins vegar við nokkuð annan tón þar sem áherslan var lögð á aðsteðjandi vanda lífeyrissjóðanna vegna aukinnar örorkutíðni og lengri meðalævi (sem er eitt og sér að sjálf-sögðu gleðiefni). Megin niðurstaða skýrslunnar var að iðgjöld þyrftu að hækka um allt að 2% ef takast ætti að halda gildandi lífeyrisloforðum óbreyttum.

Þá var einnig varpað ljósi á það sem kallað var í skýrslunni tæknilegur vandi í útfærslu jafnrar réttindaávinnslu óháðri aldri þegar kaupmáttur fer vaxandi. Var vitnað til útreikninga Bjarna Þórðarsonar, tryggingastærðfræðings, sem komst að þeirri niðurstöðu að ef kaupmáttur yxi að jafnaði um 1% á ári myndu lífeyrisloforð til

Mikil kaupmáttaraukning hefur orðið til þess að auka vanda lífeyriskerfisins.

<sup>1</sup> Dæmi eru einnig um herra iðgjald launamanna en 4%, t.d. hefur iðgjald launamanna í Samvinnulífeyrissjóðinn numið 4,5%.

<sup>2</sup> Drög að greinargerðinni lágu til grundvallar umfjölluninni á þeim tíma en endanleg útgáfa er frá júlí 2004. Gylfi Arnbjörnsson: Greinargerð um jöfnun lífeyrisréttinda og vanda lífeyriskerfisins.



manns sem greiddi frá 20 til 67 ára aldurs í samtryggingarlífeyrissjóð, verða 6% hærri en innistæða væri fyrir og 12% ef kaupmáttaraukningin væri 2%. Þar til viðbótar væri vandi sjóðanna enn stærri ef kaupmáttur yxi hraðar á síðari hluta starfsævinnar en á þeim fyrri. Mikil kaupmáttaraukning síðastliðinn áratug hefur þannig orðið til þess að auka vanda lífeyriskerfisins.

Í greinargerð ASÍ voru einnig leidd rök að því að ríkið ætti að axla ábyrgð á kostnaði við örorkubyrði sem lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði hafa hingað til borið kostnað af. Meðal annars var því haldið fram að það væri eðlilegra að áfallatryggingar væru fjármagnaðar af samtímatekjum en með sjóðsmyndun. Meginhlutverk lífeyrissjóða væri að standa undir ellilífeyrisgreiðslum til sjóðsfélaga og mætti telja það óeðlilegt að lífeyrissjóðirnir verðu jafn stórum hluta af lífeyrisgreiðslum sínum til örorkulífeyris og raunin hefur verið undanfarin ár.

Niðurstaða kjarasamninga SA og verkalýðsfélaganna í samningum árið 2004 var að iðgjald launagreiðenda hækkaði í 7% frá ársbyrjun 2005 og í 8% í ársbyrjun 2007. Jafnframt skyldi falla niður skyldubundið 1% mótframlag launagreiðenda í séreignarsjóð þeirra launamanna sem ekki tóku sjálfir þátt í séreignarlífeyrissparnaði. Áætlað var að svo háttaði til um 40% launamanna þannig að kostnaður atvinnulífsins af hækkun iðgjaldsins var áætlaður 0,6% árið 2005. Á móti hækkun iðgjaldsins 1. janúar 2007 var gert samkomulag við stjórnvöld að tryggingagjald lækkaði um 0,45% frá sama tíma.

Í tengslum við frágang kjarasamnings SA og Starfsgreinasambandsins (SGS)/Flóabandalagsins 7. mars 2004 gaf ríkisstjórnin út svohljóðandi yfirlýsingu um lífeyrismál.

„Ríkisstjórnin lýsir yfir því að hún er reiðubúin að taka upp viðræður við sérstaka lífeyrisnefnd sem Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hyggjast koma á fót um hugsanlega aðkomu stjórnvalda að tilteknum þáttum er sú nefnd mun taka til meðferðar, m.a. að því er varðar verkskiptingu milli lífeyrissjóða og almannatrygginga.“

Á fyrri hluta samningstímabilsins, þ.e. árið 2004 og fram á haust 2005, fjallaði lífeyrisnefnd SA og ASÍ einkum um breytingu á réttindakerfi lífeyrissjóðanna úr jafnri ávinnslu réttinda yfir starfsævina yfir í aldurstengda réttindamyndun. Viðræður við stjórnvöld sátu hins vegar á hakanum.

Óhjákvæmilegt var að draga úr ávinnslu réttinda samhliða hækkun iðgjaldsins og það gerðu flestir sjóðirnir.

## 1.6 Breytingar lífeyrissjóðanna samhliða hækkun iðgjalds

Hækkun iðgjalds í lífeyrissjóðina, úr 10% í 11% samtals frá árinu 2005 og í 12% frá árinu 2007, sem ákveðin var með gerð kjarasamnings árið 2004, var almennt ekki ætlað að auka rétt sjóðsfélaga til



lífeyris heldur að gera þeim kleift að standa undir núverandi lífeyrisloforðum. Almenn hækkun iðgjalds um 1% án breytinga á reglum sjóðanna um ávinnslu réttinda hefði því birst þeim eins og 10% kauphækkun og hefði því engan vanda leyst heldur þvert á móti aukið hann. Óhjákvæmilegt var því að draga úr ávinnslu réttinda samhliða hækkun iðgjaldsins og það gerðu flestir sjóðirnir. Sem dæmi um útfærslu má taka Lífeyrissjóð verzlunarmanna sem árið 2005 lækkaði réttindastuðul<sup>3</sup> úr 1,65 í 1,5, sem felur í sér að 11% iðgjald skapaði sama rétt og 10% iðgjald gerði áður. Jafnframt voru þau stig sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda sjóðsins frá upphafi til ársloka 2004 hækkuð um 7%.

### 1.7 Breyting úr jafnri í aldursháða ávinnslu réttinda

Sú jafna ávinnsla lífeyrisréttinda á starfsævinni sem lífeyriskerfi landsmanna hefur frá upphafi byggt er á er barn síns tíma sem upphaflega hafði það markmið að færa þeim sem skamman tíma áttu eftir til töku lífeyris meiri rétt en sparnaður þeirra gaf tilefni til. Jöfn ávinnsla réttinda felur í sér tilflutning frá yngri sjóðsfélögum til þeirra eldri. Fyrirkomulagið getur gengið upp ef sjóðsfélagar eru í sama sjóði alla starfsævina og aldurssskipting er stöðug í sjóðunum. Þetta er hins vegar ekki raunin og það hefur orðið vart við vaxandi togstreitu í lífeyriskerfinu, þar sem sumir sjóðir hafa aldurstengda ávinnslu en aðrir jafna. Einstaklingar sem hafa verið í aðstöðu til þess hafa valið sér lífeyrissjóði andstætt hagsmunum sjóðanna og sjóðsfélaga þeirra sem ekki eru í aðstöðu til þess að flytja sig vegna skylduaðildar. Nokkrir lífeyrissjóðir hafa á undanförunum árum breytt ávinnslu úr jafnri í aldurstengda, þ.á.m. Sameinaði lífeyris-sjóðurinn, Lífeyrissjóðurinn Lífiðn og Samvinnulífeyrissjóðurinn. Aldurstengd réttindaávinnsla felur það í sér að iðgjald ungs manns veitir meiri lífeyrisrétt en eldri manns vegna þess að það er lengur í ávöxtun hjá sjóðnum. Það sem olli því að samstaða varð almenn við upptöku aldurstengdrar réttindaávinnslu var sú staðreynd að framreikningur á áhrifum hækkunar iðgjalds til samtryggingar úr 10% í 12% leiddi að óbreyttum reglum til versnandi stöðu sjóða með jafna ávinnslu. Ástæðan var sú að þeir lofuðu meiri lífeyrisréttindum fyrir hverja inngreidda krónu en framreiknaðar eignir stóðu undir. Við blasti að skerða þyrfti réttindi m.a. vegna þess hve inngreiðslur vegna sjóðsfélaga væru að aukast mikið. Af framangreindum ástæðum var óhjákvæmilegt að bregðast við með því að breyta í aldursháða réttindaávinnslu.

Það er hins vegar mjög harkalegt gagnvart sjóðsfélögum sem verið hafa í jafnri réttindaávinnslu framan af á starfsævinni að breyta

<sup>3</sup> Réttindaávinnsla lífeyrissjóðanna hefur byggt á stigum sem iðgjöldin hafa ákvarðað. Margfeldi stiga og réttindastuðuls hefur myndað ákveðinn hundradshluta. Hundradshluti þessi af svokölluðum grundvallarlaunum hefur ákvarðað upphæð ellilífeyris. Sjá t.d. 14. gr. laga nr. 1/1997 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins til nánari skýringar.

Jöfn ávinnsla lífeyrisréttinda á starfsævinni er barn síns tíma.

Jöfn ávinnsla felur í sér tilflutning frá yngri sjóðsfélögum til þeirra eldri.

Það er harkalegt gagnvart sjóðsfélögum sem verið hafa í jafnri ávinnslu framan af að breyta yfir í aldurstengda.



yfir í aldurstengda ávinnslu án þess að taka tillit til þess að viðkomandi sjóðsfélagar hafa áunnið sér hlutfallslega lítinn rétt þar sem hluti iðgjalds þeirra og ávöxtunar þess hefur runnið til réttinda-myndunar hjá eldri sjóðsfélögum. Í mörgum tilfellum eiga sjóðirnir eignir umfram áfallnar skuldbindingar, sem hægt er að nota til þess að milda áhrifin. Við slíka aðlögun koma ýmsar leiðir til álita.

Heildarsamtökin ASÍ og SA áttu í viðræðum á árinu 2004 og 2005 um það hvaða stefnu þetta mál skyldi taka og í samkomulagi aðila, dags. 8. desember 2004, um framkvæmd á hækkun framlags atvinnurekenda í lífeyrissjóði 1. janúar 2005 og framtíðarskipulag lífeyriskerfisins segir m.a.: „Í viðræðum aðila hefur komið fram að mikilvæg rök hníga í þá átt að taka upp aldurstengda réttindaávinnslu og er stefnt að því. Jafnframt eru aðilar sammála um að æskilegt sé að þeir lífeyrissjóðir sem vilja eða þurfa að breyta réttindaávinnslukerfi sínu geti gert það samtímis.“

Það fór ekki svo að það markmið næðist að allir lífeyrissjóðirnir gerðu þessa breytingu samtímis. Sameining Lífeyrissjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóðs sjómanna í Gildi-lífeyrissjóð þrýsti á um að annars vegar yrði fundin ásætlanleg aðferð við tilflutninginn úr jafnri yfir í aldurstengda ávinnslu og hins vegar lausn á því hvernig fara skyldi með áunnin réttindi þegar sjóðsfélagar skiptu um sjóði. Sameining sjóðanna átti sér stað um mitt ár 2005 og aldurstengd ávinnsla hófst frá og með 1. júní 2005. Sama breyting var gerð í Lífeyrissjóði Austurlands, Lífeyrissjóði Suðurlands, Lífeyrissjóði Vesturlands, Lífeyrissjóði Vestfirðinga og Lífeyrissjóði Vestmannaeyja. Aldurstengd ávinnsla hófst í Lífeyrissjóði verzlunarmanna og Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda frá 1. janúar 2006. Þessir átta sjóðir, sem tóku upp aldurstengda réttindaávinnslu ýmist um mitt ár 2005 eða 1. janúar 2006, hafa gert með sér samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu á réttindum til jafnrar ávinnslu. Fleiri sjóðir eru að huga að svipuðum breytingum.

Aðferð Gildis-lífeyrissjóðs við tilfærsluna yfir í aldurstengda réttindaávinnslu fólst í því að veita sjóðsfélögum verðtryggðan rétt til jafnrar ávinnslu miðað við það iðgjald sem viðkomandi greiddi árið 2003 eða síðasta árið sem iðgjald barst af viðkomandi hafi það verið fyrr. Iðgjaldsgreiðslur umfram það fari í aldurstengda ávinnslu. Þetta hefur í för með sér að auknar iðgjaldsgreiðslur vegna einstaklingsbundinna launahækkana umfram verðlag frá árinu 2003 (kaupmáttaraukning) og auknar iðgjaldsgreiðslur vegna hækkunar heildariðgjalds úr 10% í 12% renna í aldursháða ávinnslu. Rétturinn til jafnrar ávinnslu nær til virkra sjóðsfélaga, 25 ára og eldri, sem og til þeirra sem eiga geymd réttindi í sjóðnum og gerast sjóðsfélagar á ný.

Þann 31. október 2005 gerðu ASÍ og SA með sér samkomulag um tilhögun réttinda við breytingar réttindaávinnslu yfir í aldurstengd réttindi. Það kvað í meginatriðum á um að lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ og SA sem breyti úr jafnri ávinnslu í aldurstengda

Ásætlanleg aðferð fannst við tilflutning í aldurstengda ávinnslu lífeyrisréttinda.





skuli veita sjóðsfélögum sem flytjast milli sjóða rétt til þess að greiða iðgjöld til jafnrar réttindaávinnslu til 70 ára. Þetta gildi þó ekki gagnvart sjóðsfélögum þeirra sjóða sem áður hafi fært sig yfir í aldurstengda réttindaávinnslu. Einstaklingur sem öðlast hafi rétt til greiðslu viðmiðunariðgjalds til jafnrar ávinnslu skuli halda þeim rétti þótt hann flytjist á milli sjóða samkvæmt sömu reglum og gildi fyrir sjóðsfélaga viðkomandi sjóðs. Forsenda þessa er þó sú að viðkomandi sjóðir hafi gert gagnkvæmt samkomulag um skiptingu réttinda.


Framangreind lausn felur í sér að nýir sjóðsfélagar fara beint í aldurstengda ávinnslu en flestir aðrir sem eru eldri en 25 ára verða í jafnri ávinnslu með ákveðnu þaki, þannig að blandað kerfi jafnrar og aldurstengdrar ávinnslu verður við lýði næstu 40 ár.

Aldurstenging skapar jafnvægi á milli réttindamyndunar og ávöxtunar.

Með aldurstengingu réttindaávinnslu hefur skapast betra jafnvægi á milli réttindamyndunar og ávöxtunar lífeyrisiðgjalda hvers og eins og leystur er sambýlisvandi tveggja mismunandi kerfa á almennum vinnumarkaði. Æskilegt er að opinberir lífeyrissjóðir lagi sig að þessari breytingu, því ella er hætt á að dragi úr hreyfianleika fólks á milli opinbers og almenns vinnumarkaðar.

Á meðfylgjandi línuriti kemur fram ávinnsla lífeyrisréttinda eftir aldri í tveimur stærstu sjóðunum á almenna vinnumarkaðnum og samanburður gerður við þann rétt sem býðst með jafnri ávinnslu.

Árleg lífeyrisréttindi fyrir hvert 10.000 kr. iðgjald





## 1.8 Jöfnun og lækkun á örorkubyrði lífeyrissjóða frá árinu 2007

Ört vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóðanna hefur varpað ljósi á hversu misjöfn hún er og ósanngirni þess að sjóðsfélagar tiltekinna lífeyrissjóða þurfi að bera þyngri byrðar en aðrir af þessum sökum í formi lakari ellilífeyris. Málið var rætt við stjórnvöld samhliða endurskoðun á forsendum kjarasamninga á almennum vinnumarkaði þann 15. nóvember 2005 og leiddu þær viðræður til þess að ríkisstjórnin gaf út eftirfarandi yfirlýsingu um jöfnun á örorkubyrði:

*Ríkisstjórnin lýsir því jafnframt yfir að hún er reiðubúin til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins með framlagi sem svarar til 0,25% af tryggingagjaldstofni samkvæmt nánari útfærslu milli aðila og komi til framkvæmda á þremur árum, 0,15% 2007, 0,20% 2008 og 0,25% 2009.*

Tryggingagjaldstofn verður um 600 milljarðar króna á þessu ári. Samkvæmt því verður framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði 900 m. kr. árið 2007, 1.200 m. kr. árið 2008 og 1.500 m. kr. frá og með árinu 2009. Það verkefni bíður SA og ASÍ í samstarfi við stjórnvöld að finna aðferð við skiptingu þessara fjármuna.





## 2. Lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða á almennum markaði 1997-2004<sup>4</sup>

- **Vöxtur eigna hefur verið mikill undanfarin ár og nemur vöxturinn tæpum 90% að raungildi frá árinu 1997 til 2004 eða 12% árlega að meðaltali.**
- **Lífeyrisþegum sjóðanna hefur fjölgað verulega á undanförunum árum.**

Á árinu 2004 störfuðu 17 lífeyrissjóðir sem tóku við iðgjöldum og skilgreina má virka samtryggingarsjóði á almennum vinnumarkaði. Um þá gilda lög nr. 129/1997 og ákvarðast lífeyrisréttindi alfarið af iðgjaldsgreiðslum og árangri í ávöxtun og rekstri sjóðanna. Þessir sjóðir eiga flestir rætur sínar í kjarasamningum á milli stéttarfélaga og félaga vinnuveitenda á almennum vinnumarkaði. Sjóðirnir eru eftirfarandi í stærðarröð:

### Virkir samtryggingarsjóðir á almennum vinnumarkaði 2004

1. Lífeyrissjóður verzlunarmanna	10. Lífeyrissjóður Austurlands
2. Lífeyrissjóðurinn Framsýn (nú Gildi)	11. Lífeyrissjóður Vestfirðinga
3. Lífeyrissjóður sjómanna (nú Gildi)	12. Lífeyrissjóður Suðurnesja (nú Suðurl.)
4. Sameinaði lífeyrissjóðurinn	13. Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
5. Lífeyrissjóður Norðurlands	14. Lífeyrissjóður Vesturlands
6. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	15. Lífeyrissjóður Suðurlands
7. Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	16. Lífeyrissjóður Rangæinga
8. Lífeyrissjóður bankamanna	17. Lífeyrissjóður Bolungarvíkur
9. Samvinnulífeyrissjóðurinn	

Horfur eru því á að sjóðunum muni fækka í 13 á þessu ári.

Árið 2005 fækkaði sjóðunum um tvo með sameiningu Lífeyris-sjóðsins Framsýnar og Lífeyrissjóð sjómanna í Gildi-lífeyrissjóð og sameiningu Lífeyris-sjóðs Suðurnesja og Lífeyris-sjóðs Suðurlands undir nafni þess síðarnefnda. Þá standa sameiningarviðræður yfir á milli Lífeyris-sjóðsins Lífiðnar og Samvinnulífeyris-sjóðsins og tillaga verður lögð fyrir ársfund Lífeyris-sjóðs Bolungarvíkur að hann renni inn í Frjálsa lífeyris-sjóðinn. Horfur eru því á að framangreindum 17 sjóðum muni fækka í 13 á þessu ári, en þegar þetta er skrifað eru þeir 15.

### 2.1 Helstu kennitölur sjóðanna á almennum vinnumarkaði

Eignir sjóðanna uxu um 90% að raungildi milli 1997 og 2004.

Hreinar eignir sjóðanna 15 til greiðslu lífeyris námu 597 milljörð-um króna í árslok 2004. Vöxtur eigna hefur verið mikill undanfarin

<sup>4</sup> Heimild: Fjármálaeftirlitið, ársreikningaskýrslur lífeyrissjóða 1997-2004, [www.fme.is](http://www.fme.is).



ár og nemur vöxturinn tæpum 90% að raungildi frá árinu 1997 eða 12% árlega að meðaltali. Á árinu 2004 var fjöldi virkra sjóðsfélaga sjóðanna 15 samtals 109.487, þ.e. þetta var fjöldi þeirra sem greiddi iðgiöld í sjóðina á árinu. Fjöldi lífeyrisþega var 43.034 og voru lífeyrisgreiðslur 13,7 milljarðar króna. Lífeyrisgreiðslurnar skiptust á eftirfarandi hátt:

### Greiddur lífeyrir sjóðanna 15 árið 2004

	m. kr.	Hlutdeild
Ellilífeyrir	8.006	59%
Örorkulífeyrir	3.964	29%
Makalífeyrir	1.397	10%
Barnalífeyrir	311	2%
Samtals	13.677	100%

Þegar skipting lífeyrisgreiðslna er skoðuð vekur lág hlutdeild ellilífeyris og há hlutdeild örorkulífeyris athygli. Einungis 59% lífeyrisgreiðslna sjóðanna runnu til ellilífeyris en ætla mætti fyrirfram að hlutfallið væri mun hærra í ljósi þess megintilgangs sjóðanna að greiða ellilífeyri.

Einungis 59% lífeyrisgreiðslna sjóðanna runnu til ellilífeyris.

### 2.2 Þróun fjölda lífeyrisþega sjóðanna 15

Lífeyrisþegum sjóðanna hefur fjölgað verulega á undanförunum árum. Árleg fjölgun hefur numið 7% undanfarin ár en frá árinu 1997 er fjölgunin 65% í heild. Skipting lífeyrisþega eftir tegundum lífeyris liggur því miður ekki fyrir í gögnum Fjármálaeftirlitsins, en eðli málsins samkvæmt hlýtur fjölgun ellilífeyrisþega að standa að baki stærstum hluta aukningarinnar. Aukningin er þó mun meiri en landsmönnum á ellilífeyrisaldri hefur fjölgað og skýrist hin mikla fjölgun lífeyrisþega sjóðanna vafalaust af því að þeir eru margtaldir. Lífeyrisþegar eiga flestir réttindi í fleiri en einum sjóði og eiga þeir sem hafið hafa töku lífeyris undanfarin ár líklega réttindi í fleiri sjóðum en þeir lífeyrisþegar sem fyrir voru. Æskilegt væri að Fjármálaeftirlitið eða Landssamtök lífeyrissjóða stæðu fyrir endurbótum á staðtölum um lífeyrisþega lífeyrissjóðanna þannig að betur væri hægt að greina þróun lífeyrisgreiðslna.<sup>5</sup>

Lífeyrisþegum sjóðanna hefur fjölgað verulega á undanförunum árum.

Lífeyrisþegar eiga flestir réttindi í fleiri en einum sjóði.

<sup>5</sup> Landssamtök lífeyrissjóða vinna nú að undirbúningi heildarskrár yfir örorkulífeyrisþega hjá lífeyrissjóðunum. Miðað verður við alla þá bótaþega sem nutu örorkulífeyris hjá sjóðunum í janúar 2006. Hugmyndin er að endurnýja þessa skrá árlega. Í skránni eiga m.a. að koma fram upplýsingar um upphaf orkutaps, orkutap í %, hvenær örorkulífeyrisgreiðslur hófust fyrst, aldur bótaþeganna, hjúskaparstaða, kyn og búseta.







## Fjöldi lífeyrisþega sjóðanna 15

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
Fj. lífeyrisþega	26.026	27.254	29.849	32.292	35.225	37.632	40.199	43.034
Fjölgun		1.228	2.595	2.443	2.933	2.407	2.567	2.835
Fjölgun í %		5%	10%	8%	9%	7%	7%	7%


Tví- og margtalning lífeyrisþeganna verður augljós þegar fjölgun ellilífeyrisþega á landinu er borin saman við fjölgun lífeyrisþega sjóðanna 15. Ellilífeyrisþegum á landinu hefur fjölgað um 400-600 á sama tíma og lífeyrisþegum sjóðanna hefur fjölgað um 2.500-3.000.

## Fjöldi íbúa á Íslandi á ellilífeyrisaldri 1997-2004

	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004
67 ára og eldri	27.480	28.046	28.511	28.980	29.533	29.996	30.418	30.859
Fjölgun		566	465	469	553	463	422	441
Fjölgun í %		2,1%	1,7%	1,6%	1,9%	1,6%	1,4%	1,4%

## 2.3 Skipting lífeyrisgreiðslna milli lífeyristegunda

Innbyrðis hlutdeild einstakra lífeyristegunda hefur verið nokkuð stöðug undanfarin ár. Hlutdeild ellilífeyris hefur þó vaxið ár frá ári en á móti hefur hlutdeild makalífeyris farið minnkandi. Hlutdeild örorkulífeyrisins hefur á hinn bóginn verið mjög stöðug og var sú sama árið 2004 og árið 1998, sbr. mynd hér að neðan.




## 2.4 Örorkubyrði eftir lífeyrissjóðum

Örorkubyrði lífeyrissjóðanna er mjög mismunandi, en með því hugtaki er átt við hlutfall örorkulífeyris af lífeyrisgreiðslum í heild. Örorkulífeyrir nam meira en 40% lífeyrisgreiðslna hjá fimm sjóðum og voru Lífeyrissjóður Austurlands og Lífeyrissjóður Vestmannaeyja hæstir með 43%. Stærsti sjóðurinn, Lífeyrissjóður verzlunarmanna liggur rétt undir meðaltalinu með 27% hlut örorkulífeyris, og vegna stærðar hans hafna flestir sjóðirnir yfir meðaltali. Lífeyrissjóður bankamanna er með lang lægstu örorkubyrðina og þar á eftir kemur Samvinnulífeyrissjóðurinn og Sameinaði lífeyrissjóðurinn.

Örorkubyrði lífeyrissjóðanna er mjög mismunandi.

Örorkulífeyrir lífeyrissjóða á almennum markaði í % af lífeyrisgreiðslum alls 2004





### 3. Könnun SA á tryggingafræðilegum uppgjörum 15 lífeyrissjóða

- Á örfáum árum hafa ævilíkur 65 ára fólks aukist um eitt ár hjá báðum kynjum og verða karlar sem ná þeim aldri tæplega 83 ára að meðaltali en konur 85,5 ára.
- Örorkulíkur í tryggingafræðilegum uppgjörum hafa ekki tekið breytingum á undanfönum árum, gagnstætt tíðum breytingum á forsendum um meðalævilengd.
- Uppgjör ársins 2004 leiða í ljós að vanmat á framtíðarörorkubyrði sjóðanna hefur verið töluvert á undanfönum árum. Einkum er tíðni örorku hjá konum mun meiri en áður var talið.
- Þrátt fyrir góða ávöxtun eigna lífeyrissjóðanna á árinu 2004 versnaði tryggingafræðileg staða þeirra á árinu.

Tryggingafræðileg athugun skal fara fram árlega.

Í 24. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða segir að stjórnir lífeyrissjóða skuli árlega láta fara fram tryggingafræðilega athugun á fjárhag sjóðanna. Í lögum segir að reglugerð sem fjármálaráðherra setur skuli kveða á um tryggingafræðilegar forsendur, m.a. um dánaráhættu, raunvexti sem athugunin byggist á og ávöxtunarkröfu við núvirðingu framtíðariðgjalda og væntanlegs lífeyris sjóðsins. Reglugerðin<sup>6</sup> kveður þó ekki beint á um allar þessar forsendur því í henni segir að við mat á dánar- og lífslíkum, örorkulíkum, líkum á að sjóðsfélagi verði í sambúð eða eigi barn skuli nota töflur um þessi efni, útgefnar af Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT), sem skuli byggja á nýlegri innlendri reynslu. Töflur með þessum tryggingafræðilegu forsendum eru birtar á vefsíðu FÍT.<sup>7</sup> Reglugerðin kveður hins vegar skýrt á um að við núvirðisreikning væntanlegs lífeyris, framtíðariðgjalda og verðbréfa með föstum tekjum skuli nota 3,5% vaxtaviðmiðun umfram vísitölu neysliverðs.

Í 39. gr. laganna er að finna reglur sem settar eru til að tryggja að lífeyrissjóðir geti staðið undir skuldbindingum sínum. Þar segir að hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda skuli vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miðuð við sjóðsfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur mið af.

Tryggingafræðileg athugun á lífeyrissjóði felst í því að reikna út núvirði skuldbindinga sjóðsins vegna sjóðsfélaga á uppgjörarárinu. Staða sjóðsins er þannig reiknuð miðað við að engir sjóðsfélagar bætist við í framtíðinni. Tvenns konar útreikningar eru framkvæmdir.

<sup>6</sup> Nr. 391/1998 með breytingum 224/2001 og 293/2003

<sup>7</sup> www.actuaries.is



Í fyrsta lagi eru reiknaðar út skuldbindingar vegna áunninna réttinda og þær bornar saman við eignir sjóðsins. Í öðru lagi eru framtíðarskuldbindingar vegna lífeyrisréttinda bornar saman við framtíðariðgjöld. Heildarrétturinn stendur síðan saman af þessu tvennu, áunnum réttindum og framtíðarréttindum og heildareignirnar standa saman af höfuðstól og framtíðariðgjöldum.

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að meira en 10% munur sé á milli eigna og lífeyrisskuldbindinga er hlutaðeigandi lífeyrissjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eigna og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár.

Sjóði ber að gera breytingar ef 10% munur er á eignum og skuldbindingum

### 3.1 Breyttar forsendur um ævilíkur í uppgjörum fyrir 2004

Meðalævi Íslendinga hefur lengst jafnt og þétt á undanförunum áratugum. Ólifuð meðalævi 65 ára karla á undanförunum þremur áratugum hefur lengst úr 15 árum í 17,7 ár eða um 18% og ólifuð meðalævi 65 ára kvenna lengst úr 17,8 árum í 20,5 ár eða um 15%.

Ólifuð meðalævi 65 ára hefur lengst um 15-18%.

#### Meðalævilengd 1971–2004

Ólifuð meðalævi	Við fæðingu		65 ára	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
1971–1975	71,6	77,5	15,0	17,8
1976–1980	73,5	79,5	16,0	18,9
1981–1985	74,1	79,9	15,5	18,7
1986–1990	75,0	80,1	15,8	19,1
1991–1995	76,3	80,8	16,4	19,3
1996–2000	77,1	81,4	16,7	19,6
2001–2004	78,8	82,6	17,7	20,6

Tryggingafræðileg uppgjör lífeyrissjóða hafa tekið mið af auknum ævilíkum á undanförunum áratug og forsendum verið breytt reglulega. Í tryggingafræðilegum uppgjörum lífeyrissjóða fyrir árið 2004 voru notaðar nýjar töflur um ævilíkur. Áður studdust töflurnar við reynslu árána 1996–2000 en nýju töflurnar miðast við reynslu árána 2001–2003. Á þessum stutta tíma hafa ævilíkur 65 ára fólks aukist um eitt ár hjá báðum kynjum og verða karlar sem ná þeim aldri tæplega 85 ára að meðaltali en konur 87,5 ára. Breyttar forsendur um meðalævilengd í uppgjörum ársins 2004 fólu í sér að skuldbindingar sjóðanna vegna ellilífeyris jukust um 5% miðað við þær forsendur sem notaðar voru árin á undan.

65 ára karlar verða 85 ára að meðaltali en konur 87,5 ára.



Örorkulíkur í uppgjörum hafa ekki tekið breytingum á undanförunum árum.

Starfshópur hefur lagt fram tillögu að nýjum töflum um örorkulíkur.

### 3.2 Nýjar örorkulíkur byggðar á innlendri reynslu

Örorkulíkur í tryggingafræðilegum uppgjörum hafa ekki tekið breytingum á undanförunum árum, gagnstætt tíðum breytingum á forsendum um meðalævilengd. Fram til ársins 2004 voru tryggingafræðileg uppgjör almennt byggð á dönskum reiknigrundvelli með 30% afslætti. Í ljósi aukinnar tíðni örorku á undanförunum árum var orðið brýnt að taka upp forsendur sem byggðu á nýlegri innlendri reynslu, eins og lögin kveða raunar á um að gera skuli.

Starfshópur innan FÍT lagði fram tillögu að nýjum töflum um örorkulíkur á fundi félagsins í janúar 2005 sem byggðust á reynslu árána 1998-2002. Tillagan var ekki samþykkt en í staðinn var eftirfarandi samþykkt gerð á fundi félagsins þann 19.1. 2005.

*Alyktun um reiknigrunn vegna mats á örorkuskuldbindingu:*

*Starfshópur félagsins hefur undanfarið unnið að töflum um örorkulíkur sem miðast við íslenska reynslu. Örorkufall fyrir Ísland virðist talsvert frábrugðið því falli sem notað hefur verið undanfarið ár, en það byggir á danska G82 grunninum. Einnig bendir margt til þess að munur á örorkureynslu íslensku lífeyrissjóðanna innbyrðis sé mun meiri en áður hefur verið talið.*

*Því er frekari athugana þörf á þessu sviði áður en unnt verður að gefa út íslenskar örorkutöflur.*

*Félagsmönnum ber því að taka sjóðina út miðað við sama staðfærðan reiknigrundvöll og áður, þ.e. líkur byggðar á G82. Beinir fundurinn því til félagsmanna, að í skýrslum þeirra verði sjóðunum skýrt frá því ef ástæða er til þess að ætla að örorkureynsla þeirra viki verulega frá staðalforsendum í G82. Skal í útreikningi gerð grein fyrir frávikinu.*

Uppgjör 2004 sýna að vanmat á örorkubyrði sjóðanna í framtíðinni hefur verið töluvert.

Ástæða þess að tillögurnar voru ekki samþykktar voru m.a. að þær komu seint fram, og ástæða þótti til að málið yrði kannað betur. Við tryggingafræðilegar úttektir fyrir árið 2004 var síðan beitt mismunandi aðferðum eftir sjóðum og var í flestum tilvikum horft til eigin reynslu sjóðanna, t.d. var svo gert hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna og Lífeyrissjóðurinn Framsýn (nú Gildi-lífeyrissjóður) notaði íslensku reynsluna með 24% hækkun. Svipað gilti um Lífeyrissjóð sjómanna (nú Gildi-lífeyrissjóður), Lífeyrissjóð Suðurnesja (nú Lífeyrissjóður Suðurlands) og Lífeyrissjóð Vestmannaeyja sem notuðu íslensku reynsluna með tilteknu álagi. Uppgjör ársins 2004 leiða í ljós að vanmat á örorkubyrði sjóðanna í framtíðinni hefur verið töluvert á undanförunum árum. Einkum er tíðni örorku hjá konum mun meiri en áður var talið.

### 3.3 Samanburður á eldri örorkulíkum og ósamþykktri tillögu um nýjar örorkutöflur

Líkur á því að verða öryrki eru reiknaðar eftir kyni og aldri. Samkvæmt eldri líkunum var gert ráð fyrir að 600 öryrkjar bættust við á hverju ári á landinu öllu, þar af 248 karlar og 352 konur. Nýju örorkulíkurnar gera ráð fyrir að 669 öryrkjar bætist við árlega, þ.a. 261 karl og 408 konur. Örorkutíðnin er þannig 11% hærri samkvæmt nýju örorkulíkunum en þeim eldri, sem skiptist þannig milli kynja að tíðnin er 5% hærri hjá körlum og 16% hærri hjá konum. Þótt aukning örorkutíðni sé veruleg er breytingin á aldursdreifingu öryrkja mun meiri og afdrifaríkari. Það skiptir gríðarlegu máli fyrir fjárhag lífeyriskerfisins að meðalaldur nýrra öryrkja lækkar verulega eða um 5 ár. Meðalaldur öryrkja er 55 ár samkvæmt eldri örorkulíkum en 50 ár samkvæmt nýja reiknigrundvellingum.


Hjá körlum eru örorkulíkurnar meiri á aldursbilinu 22-57 samkvæmt nýju örorkulíkunum en þeim eldri. Líkurnar eru hins vegar heldur minni hjá þeim sem eru yngri en 22 ára og mun minni hjá þeim sem eru eldri en 57 ára. Hjá konum eru örorkulíkurnar meiri á aldursbilinu 25-57 ára og, eins og hjá körlunum, eru þær heldur minni hjá þeim sem yngri eru og mun minni hjá þeim eldri. Mest er aukningin hjá fólki á fertugsaldri en örorkutíðnin í nýja reiknigrundvellingum er tvöföld hjá körlum á þessum aldri og þreföld hjá konum samanborið við eldri reiknigrundvöll. Allra mesta aukningin er hjá konum í kringum 35 ára aldur.

Á meðfylgjandi mynd sést að örorkulíkurnar fara vaxandi með aldri. Í kringum tvítugt má búast við 1-2 nýjum öryrkjum á hverju

Nýju örorkulíkurnar gera ráð fyrir að 669 öryrkjar bætist við árlega, 261 karl og 408 konur.

Mesta aukning í örorkulíkum er hjá konum í kringum 35 ára aldur.

Örorkulíkur – árleg fjölgun öryrkja eftir aldri og kyni m.v. íbúa 2004, skv. töflum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga






Það hægist mjög á aukningu örorkutiðni um miðjan aldur og hún stöðvast eftir fimmtugt og fer síðan minnkandi eftir sextugsaldurinn.

Nýjar örorkulíkur fela það í sér að „örorkulífeyrisárum“ fjölgar um 56%, eða 37% hjá körlum og 69% hjá konum.

aldursári. Upp frá því eykst örorkutiðni en þó mismikið eftir kyni og meira samkvæmt nýrri tölum en þeim eldri. Sérstaklega er mikil aukning meðal kvenna samkvæmt nýrri örorkulíkum og fjölgar þeim upp í fimm nýja öryrkja á hverju aldursári í kringum þrítugsaldurinn. Í kringum fertugt bætast við 10-15 á hverju aldursári. Samkvæmt nýrri tölum vaxa örorkulíkur lítið meðal karla eftir fimmtugt og meðal kvenna dragast þær heldur saman en áður voru örorkulíkur langhæstar á efri árum. Samkvæmt danska reiknigrundvellingnum var samband aldurs og örorku mun sterkara og þeim fjölgaði mun hraðar eftir að komið var fram yfir miðjan aldur. Samkvæmt nýja reiknigrundvellingnum hægist mjög á aukningu örorkutiðni um miðjan aldur og hún stöðvast eftir fimmtugt og fer síðan minnkandi eftir sextugsaldurinn.

Örorkubyrðin ræðst af fjölda öryrkja og þeim tíma sem þeir fá örorkubætur. Samkvæmt nýju örorkutöflunum þá eykst bæði fjöldi öryrkja og sá tími sem þeir fá örorkubætur að meðaltali miðað við eldri forsendur. Hjá körlum fjölgar öryrkjum um 5% og tíminn sem þeir fá örorkubætur lengist um 3,4 ár. Þegar þessar tvær forsendur eru vegnar saman, þ.e. fjölgun öryrkja og lægri meðalaldur, þá fjölgar þeim árum sem lífeyrir er greiddur, „örorkulífeyrisárum“, um 37% hjá körlum. Hjá konum eykst örorkutiðnin um 16% og tími á örorkubótum lengist um 5,3 ár sem felur í sér að örorkulífeyrisárum kvenna fjölgar um 69%. Fyrir bæði kynin er fjölgun ára á lífeyri 56%.

Árleg fjölgun örorkulífeyrisára miðað við landið allt





### 3.4 Samanburður á tryggingafræðilegum athugunum 2003 og 2004

Breyttar forsendur um ævi- og örorkulíkur hafa haft umtalsverð áhrif á niðurstöður tryggingafræðilegra uppgjöra lífeyrissjóðanna fyrir árið 2004. Upplýsingar sem nýtast til að svara þeirri spurningu liggja þó ekki opinberlega fyrir. Í ársreikningaskýrslu Fjármálaeftirlitsins er ekki að finna yfirlit yfir tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum og því engar upplýsingar tiltækar um áfallnar eða framtíðar skuldbindingar sjóðanna flokkaðar eftir tegundum, þ.e. vegna elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris. Í ársskýrslum lífeyrissjóðanna er hins vegar almennt gerð grein fyrir tryggingafræðilegri stöðu, í samræmi við lagaskyldu, en því miður eru skuldbindingar yfirlétt ekki flokkaðar eftir tegundum þeirra, þó á því séu undantekningar.

Vegna umrædds upplýsingaskorts réðust SA í það verkefni vorið 2005 að safna saman gögnum um sundurliðuð tryggingafræðileg uppgjör lífeyrissjóða á almennum markaði. Gögn voru tekin saman á grundvelli uppgjöra 17 samtryggingarlífeyrissjóða á almennum markaði en þeir eru eftirfarandi í stærðarröð: Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Lífeyrissjóðurinn Framsýn, Lífeyrissjóður sjómanna, Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður Norðurlands, Söfnunar-sjóður lífeyrisréttinda, Lífeyrissjóðurinn Lífiðn, Lífeyrissjóður bankamanna, Samvinnulífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður Austurlands, Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Lífeyrissjóður Suðurnesja, Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Lífeyrissjóður Vesturlands, Lífeyrissjóður Suðurlands, Lífeyrissjóður Bolungarvíkur og Lífeyrissjóður Rangæinga. Framangreindir sjóðir höfðu 109.487 virka sjóðsfélaga árið 2004, þ.e. sjóðsfélaga sem greiddu iðgjöld í sjóðina það ár, af þeim 154.715 sem greiddu iðgjöld í einhvern samtryggingarsjóð það ár, eða sem nemur 71% af heildinni. Stærstu sjóðirnir sem ekki eru hluti af úttekt SA eru Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, með 26.500 virka sjóðsfélaga árið 2004, og Lífeyrissjóður sveitarfélaga, með 8.900 virka sjóðsfélaga. Hreinar eignir fyrrgreindra 17 lífeyrissjóða í árslok 2004 til greiðslu lífeyris námu um 600 milljörðum króna, samanborið við u.þ.b. 1.000 milljarða króna hreinar eignir lífeyrissjóðanna í heild.

Meginniðurstöður athugunar SA á tryggingafræðilegum uppgjörum fyrrnefndra lífeyrissjóða, sem vegna sameininga eru 15 þegar þetta er ritað, koma fram í eftirfarandi töflu:

Í ársreikningaskýrslu Fjármálaeftirlitsins er ekki að finna yfirlit yfir tryggingafræðilegar athuganir á lífeyrissjóðum.

Vegna upplýsingaskorts söfnuðu SA saman gögnum um sundurliðuð tryggingafræðileg uppgjör 17 lífeyrissjóða.

Hreinar eignir þessara 17 lífeyrissjóða námu 600 milljörðum, samanborið við 1.000 milljarða hreinar eignir lífeyrissjóðanna í heild.





## Samandregnar niðurstöður tryggingafræðilegra úttekta á 15 lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði

	2003			2004			Aukning 2003-2004		
	Áunninn réttur	Framtíðar-réttur	Heildar-réttur	Áunninn réttur	Framtíðar-réttur	Heildar-réttur	Áunninn réttur	Framtíðar-réttur	Heildar-réttur
Eignir samtals	532.647	361.098	893.742	607.166	416.849	1.024.014	74.519	55.751	130.272
Skuldbindingar									
Verðmæti ellilífeyris	370.635	346.298	716.933	418.919	403.526	822.445	48.284	57.228	105.512
Verðmæti örorku-lífeyris	62.117	45.301	107.417	82.409	74.381	156.790	20.292	29.080	49.374
Verðmæti maka-lífeyris	49.383	32.795	82.177	49.795	32.609	82.403	412	-186	226
Verðmæti barna-lífeyris	1.516	4.164	5.680	1.559	5.874	7.433	44	1.710	1.754
Verðmæti lífeyris samtals	483.650	428.557	912.206	552.682	516.390	1.069.072	69.031	87.833	156.866
Rekstrarkostnaður	6.374	9.169	15.543	6.972	10.250	17.221	597	1.081	1.678
Skuldir samtals	490.025	437.726	927.750	559.653	526.640	1.086.293	69.629	88.914	158.543
Eign umfram skuldbindingar	42.622	-76.628	-34.008	47.512	-109.791	-62.279	4.890	-33.163	-28.271
Hrein eign umfram skuldbindingar í % af skuldbindingum	8,7%	-17,5%	-3,7%	8,5%	-20,8%	-5,7%	-0,2%	-3,3%	-2,1%

### 3.4.1 Heildareignir lífeyrissjóðanna 15

Í árslok 2004 voru eignir þessara sjóða 607 milljarðar króna og höfðu aukist um 74 milljarða króna milli ára, eða um 14%. Verðmæti framtíðaiðgjalda var 417 milljarðar króna og heildareignir því 1.024 milljarðar króna.

### 3.4.2 Heildarskuldbindingar lífeyrissjóðanna 15

Í árslok 2004 voru áfallnar skuldbindingar 560 milljarðar króna og voru eignir því 48 milljarðar umfram skuldir, eða sem nemur 8,5% af skuldbindingum. Staðan var hins vegar öllu verri þegar til framtíðar er litið og skuldbindingar mun hærri en eignir. Framtíðarskuldbindingar voru 527 milljarður króna eða 110 milljarðar umfram verðmæti framtíðariðgjalda. Framtíðarhallinn nam því 20,8% af skuldbindingum í árslok 2004. Heildarskuldbindingar, þ.e. áfallin og framtíðar réttindi sjóðsfélaga, að viðbættum rekstrarkostnaði, í árslok 2004 námu 1.086 milljörðum króna eða 62 milljörðum umfram eignir, en það nemur 5,7% af skuldbindingum.

Áfallnar skuldbindingar voru 560 milljarðar, framtíðarskuldbindingar 527 milljarðar og heildarskuldbindingar því 1.086 milljarðar.

### 3.4.3 Sundurliðun skuldbindinga lífeyrissjóðanna 15

Heildarverðmæti ellilífeyrisskuldbindinga sjóðanna 15 var 822 milljarðar króna og jókst um 94 milljarða króna á árinu 2004 eða um 13%. Áfallnar skuldbindingar og framtíðarskuldbindingar gagnvart ellilífeyri jukust í báðum tilfellum um sama hlutfall. Ætla má að áhrif aukinna ævilíkna í forsendum tryggingafræðilegra uppgjöra hafi verið þau að auka ellilífeyrisskuldbindingar um 4,7%. Mismuninn má þá rekja til aukins kaupmáttar launa og hærri iðgjaldsgreiðslna vegna fjölgunar starfa og lengri vinnutíma.


Heildarverðmæti skuldbindinga sjóðanna 15 vegna örorkulífeyris var 157 milljarðar króna í árslok 2004 og jókst um 47 milljarða milli ára eða sem nemur 43%. Þar af jukust áfallnar örorkuskuldbindingar um 20 milljarða króna, eða sem nemur 33% og framtíðar örorkuskuldbindingar jukust um 27 milljarða, eða sem nemur 58%.

Skuldbindingar vegna maka- og barnalífeyris þróuðust með ólíkum hætti milli árana 2003 og 2004. Skuldbindingar vegna makalífeyris drógust saman um 1,2% en aukningin vegna barnalífeyris nam 28%.

Hlutfallsleg skipting skuldbindinga sjóðanna 15 var þannig í árslok 2004 að hlutur ellilífeyris var 76,9%, örorkulífeyris 14,7%, makalífeyris 7,7% og barnalífeyris 0,7%. Hlutdeild örorkulífeyrisins jókst verulega, eða úr 11,8% árið áður, en hlutdeild elli- og makalífeyris minnkaði að sama skapi.

Áhrif aukinna ævilíkna juku ellilífeyrisskuldbindingar um 4,7%.

Hlutfallsleg skipting heildarskuldbindinga lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði skv. tryggingafræðilegum athugunum 2003 og 2004





Þrátt fyrir góða ávöxtun eigna lífeyrissjóðanna á árinu 2004 versnaði staða þeirra.

Staða lífeyrissjóðanna hefði verið jákvæð um 1,1% 2004 í stað -5,7% ef forsendur um ævi- og örorkulíkur hefðu ekki breyst.

Heildarstaða nokkurra lífeyrissjóða batnaði milli árána 2003 og 2004.

Þremur sjóðum bar að skerða réttindi, til þess að stuðla að jafnvægi milli eigna og skuldbindinga.

#### 3.4.4 Versnandi staða vegna breyttra forsendna

Þrátt fyrir góða ávöxtun eigna lífeyrissjóðanna á árinu 2004 versnaði staða þeirra. Árið 2003 var hrein eign neikvæð um 36 milljarða króna, eða sem nam 3,8% af skuldbindingum, en hallinn jókst í 62 milljarða króna árið 2004, eða sem nam 5,7% af skuldbindingum. Þessi versnandi staða skýrist bæði af lengri meðalævi Íslendinga og auknum örorkulíkum.

Forsendan um lengingu meðalævi um eitt ár jók skuldbindingar umræddra sjóða vegna ellilífeyris um 4,7% af skuldbindingum eða um 34 milljarða króna. Breyttar forsendur um örorkulíkur voru teknar inn með mismunandi hætti hjá sjóðunum en ef þeim hefði ekki verið breytt, og skuldbindingar vegna örorkulífeyris aukist um sama hlutfall og skuldbindingar vegna ellilífeyris (án tillits til lengingar meðalævi) þá hefðu skuldbindingar vegna örorkulífeyris aukist um tæplega 9 milljarða í stað þess að aukast um tæplega 48 milljarða. Tryggingafræðilegt uppgjör þessara sjóða hefði þá verið 39 milljörðum jákvæðara eða sem nemur 3,6% af skuldbindingum. Samanlagt má því ætla að áhrif breyttra forsendna um ævi- og örorkulíkur hafi haft neikvæð áhrif á tryggingafræðilega niðurstöðu umræddra 15 sjóða um 73 (34+39) milljarða króna eða sem nemur 6,8% af heildarskuldbindingum í árslok 2004. Ætla má af þessu að tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðanna hefði verið jákvæð um 1,1% á árinu 2004 í stað þess að vera neikvæð um 5,7% ef ekki hefðu komið til breyttrar forsendur um ævi- og örorkulíkur.

#### 3.4.5 Tryggingafræðileg staða einstakra lífeyrissjóða


Þótt staða lífeyrissjóðanna í heild hafi versnað töluvert þá batnaði heildarstaða nokkurra lífeyrissjóða milli árána 2003 og 2004. Þetta eru Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Samvinnulífeyrissjóðurinn, Söfnunarlífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður Vesturlands og Lífeyrissjóður verzlunarmanna, eins og sjá má á mynd til hliðar. Skýringarnar eru eflaust fleiri en ein en sameiginlegt með þessum sjóðum, að Lífeyrissjóði verzlunarmanna undanskildum, er að örorkubyrði jókst ekki milli árána. Það sem vekur hins vegar mesta athygli í þessum samburði er hve mikið staðan versnaði hjá sumum sjóðum, einkum á landsbyggðinni. Verst var staðan hjá Lífeyrissjóði Suðurnesja og Lífeyrissjóði Suðurlands sem sameinuðust í ársbyrjun 2006. Hallinn hjá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja jókst úr því að vera tæp 4% í tæp 11%.

Samkvæmt 39. gr. laga 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða skal hrein eign lífeyrissjóðs til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda vera jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Leiði tryggingafræðileg athugun skv. 24. gr. í ljós að meira en 10% munur er á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga er hlutaðeigandi lífeyrissjóði skylt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykkt-

um sjóðsins. Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Framangreindum þremur sjóðum bar því að gera breytingar á samþykktum sínum, þ.e. skerða réttindi, til þess að stuðla að jafnvægi milli eigna og skuldbindinga. Fimm sjóðir til viðbótar voru á hættusvæðinu á bilinu 5-10% halla milli skuldbindinga og eigna en það voru Lífeyrissjóður bankamanna, Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóðurinn Framsýn (nú Gildi-lífeyrissjóður), Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Lífeyrissjóður Norðurlands.

Lífeyrissjóðurinn Lífiðn var með áberandi bestu stöðuna bæði árin en eignir voru 4% umfram skuldbindingar í árslok 2004 samanborið við rúm 6% ári áður. Veigamesta skýringin á þessari jákvæðu stöðu er sú að sjóðurinn byggir á aldurstengdri ávinnslu réttinda í stað jafnrar ávinnslu óháðri aldri, eins og flestir hinir sjóðirnir. Það má segja að jafnvægi ríki á milli framtíðar eigna og skuldbindinga sjóðsins, en skuldbindingar voru 0,8% umfram eignir, samanborið við það að framtíðarskuldbindingar voru að meðaltali 21% umfram framtíðariðgjöld í árslok 2004 hjá lífeyrissjóðunum 15.

Hrein eign umfram skuldbindingar í % af skuldbindingum.  
Heildarréttur (áfallinn réttur og framtíðarréttur)



### 3.4.6 Lífeyrisbyrði einstakra lífeyrissjóða

Við samanburð á lífeyrisbyrði lífeyrissjóða á grundvelli tryggingafræðilegra athugana fyrir árið 2004 verður að hafa í huga að breyting varð á forsendum um örorkutíðni hjá mörgum þeirra en ekki öllum. Þannig var ýmist stuðst við eigin reynslu sjóðanna, almenna




Lífeyrissjóðirnir á landsbyggðinni og lífeyrissjóður verkafólks á höfuðborgarsvæðinu og sjómanna báru þyngstu örorkubyrðarnar.

reynslu í landinu í heild með mismunandi frávikum hjá einstökum sjóðum eða að ekki var gerð nein breyting á forsendum um örorkulíkur. Í uppgjörum árið 2003 var hins vegar almennt stuðst við danska reiknigrundvöllinn með 30% afslætti.

Samkvæmt tryggingafræðilegum uppgjörum fyrir árið 2003 var örorkubyrðin hæst hjá Lífeyrissjóði Suðurlands 15%, þá komu Lífeyrissjóður Austurlands, Norðurlands og Vesturlands með 14% og Gildi-lífeyrissjóður og Lífeyrissjóður Vestmannaeyja með 13%. Aðrir sjóðir voru í námunda við eða undir meðaltali. Minnsta örorkubyrði bar Lífeyrissjóður bankamanna. Lífeyrissjóðirnir á landsbyggðinni og lífeyrissjóður verkafólks á höfuðborgarsvæðinu og sjómanna (Gildi-lífeyrissjóður) báru þannig þyngstu örorkubyrðarnar. Uppgjör fyrir árið 2004 sýna gríðarlega aukningu lífeyrisbyrði hjá nokkrum sjóðum. Gildi-lífeyrissjóður var nú kominn með mesta örorkubyrði með rúmlega 21% hlutdeild örorkulífeyris. Lífeyrissjóður Suðurlands fylgdi fast á eftir með 20% hlutdeild örorkulífeyris og síðan voru þrír aðrir landsbyggðarsjóðir yfir meðaltali. Hluttur örorkulífeyris jókst úr 11% í 13% í stærsta lífeyrissjóðnum, Lífeyrissjóður verzlunarmanna, sem er nokkuð undir meðaltali bæði árin, en lífeyrissjóðir iðnaðarmanna voru með enn lægra hlutfall örorkulífeyris. Eins og fram hefur komið þá var ekki gerð breyting á forsendum um örorkutiðni hjá Söfnunarsjóðnum og minnkaði örorkubyrðin af þeim sökum hjá honum.

Hlutfall örorkulífeyris í heildarskuldbindingum 15 lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði



## 4. Lífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins

- Lífeyrissjóðirnir í heild greiddu hærri fjárhæð til ellilífeyrisþega en ríkið árið 2004. Heildargreiðslur þeirra námu 20,4 milljörðum króna samanborið við 19,3 milljarða greiðslur Tryggingastofnunar ríkisins.
- Árið 2004 höfðu 90% ellilífeyrisþega tekjur úr lífeyrissjóðum. Mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða árið 2003 námu að meðaltali 65.600 kr. hjá þeim 25 þúsund lífeyrisþegum sem þær fengu.
- Heildartekjur ellilífeyrisþega voru 154 þús. kr. á mánuði að meðaltali í desember 2004. Er þá byggt á lífeyrisgreiðslum í desember 2004 og lífeyris-, launa-, og fjármagnstekjum árið 2003.
- Rúmur helmingur öryrkja hafði tekjur úr lífeyrissjóðum og nam meðalupphæð lífeyris úr lífeyrissjóði tæpum 54 þús. kr. á mánuði hjá þeim sem fengu greiddan lífeyri.

### 4.1 Ellilífeyrir

Samkvæmt lögum nr. 117/1993 um almannatryggingar fá ellilífeyrisþegar greiddan mánaðarlegan, ótekjutengdan grunnlífeyri að viðbættri tekjutryggingu og tekjutryggingarauka ef tekjur þeirra eru undir tilteknum mörkum. Þar til viðbótar eiga ellilífeyrisþegar kost á heimilisuppbót, uppbótum vegna reksturs bifreiða og vasapeningum skv. lögum nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

Á árinu 2005 eru þessar fjárhæðir þannig að mánaðarlegur grunnlífeyrir nam tæpum 22 þús. kr., tekjutrygging var 43 þús. kr. og tekjutryggingarauki rúmlega 21 þús. kr. Samtals áttu tekjulágir ellilífeyrisþegar í sambúð rétt á rúmlega 86 þús. kr. á mánuði. Ellilífeyrisþegar sem búa einir eiga rétt á heimilisuppbót þar til viðbót-

Á árinu 2005 á tekjulágur einstaklingur rétt á samtals 104 þús. kr. á mánuði frá TR

### Mánaðarlegur ellilífeyrir frá TR

	2005
Grunnlífeyrir	21.993
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	43.113
Tekjutryggingarauki, hærri	21.258
Tekjutryggingarauki, lægri	17.065
Ellilífeyrir samtals ef tekjulágir og í sambúð	86.364
Heimilisuppbót til þeirra sem búa einir	18.080
Ellilífeyrir samtals ef tekjulágir og einir	104.444





Á árinu 2004 námu greiðslur TR til ellilífeyrisþega 19,3 milljörðum króna.

ar sem nemur 18 þús. kr. á mánuði og verður ellilífeyrir tekjulágs ellilífeyrisþega sem býr einn samtals 104 þús. kr.<sup>8</sup>

Á árinu 2004 námu ellilífeyrisgreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins 16,8 milljörðum króna og runnu þær til rúmlega 26 þúsund einstaklinga. Þessar greiðslur skiptust þannig að grunnlífeyrir nam 6.613 m.kr., tekjutrygging 9.286 m.kr. og tekjutryggingarauki 928 m.kr. Þessu til viðbótar fengu ellilífeyrisþegar greidda 2,5 milljarða króna á grundvelli laganna um félagslega aðstoð þannig að greiðslur til ellilífeyrisþega námu samtals 19,3 milljörðum króna á árinu 2004.

## Fjöldi ellilífeyrisþega og ellilífeyrisgreiðslur TR í heild 2004 og 2005

	Fjöldi bótaþega		Bótageiðslur í m. kr.	
	2004	2005	2004	2005
Grunnlífeyrir	26.427	26.692	6.613	6.968
Tekjutrygging ellilífeyrisþega	22.190	22.335	9.286	9.662
Tekjutryggingarauki	7.945	7.686	928	948
Heimilisuppbót	7.775		1.458	
Frekari uppbætur	3.823		368	
Uppbætur v/reksturs bifreiða	4.031		387	
Vasapeningar v/ellilífeyris	1.756	1.692	282	299
Samtals			19.321	

Lífeyrissjóðirnir greiddu 20,4 milljarða króna í ellilífeyri á árinu 2004.

Til samanburðar greiddu allir lífeyrissjóðir í landinu 20,4 milljarða króna í ellilífeyri á árinu 2004 sem skiptist nokkurn veginn jafnt á milli lífeyrissjóða án ábyrgðar annarra og sjóða með ábyrgð annarra (B-deild LSR og sjóðir sveitarfélaga).

### 4.1.1 Tekjutengingar ellilífeyris og tekjutryggingar

#### *Ellilífeyrir og skerðing hans*

Grunnlífeyrir var kr. 21.993 á mánuði árið 2005. Skattskyldar tekjur aðrar en lífeyrissjóðstekjur, greiðslur frá Tryggingastofnun, húsaleigubætur og fjárhagsleg aðstoð sveitarfélaga skerða grunnlífeyri ef einstaklingur fer yfir viss tekjumörk. Grunnlífeyrir byrjaði að skerðast ef tekjur einstaklings voru hærri en kr. 150.152 á mánuði að meðaltali. Grunnlífeyrir féll alveg niður þegar mánaðartekjur einstaklings náðu að meðaltali kr. 223.462 á mánuði. Tekjur maka skerða ekki grunnlífeyri. Helmingur fjármagnstekna skerðir grunnlífeyri.<sup>9</sup>

<sup>8</sup> Ellilífeyrir, tekjutrygging og tekjutryggingarauki hækkðu um 4,0% frá 1. janúar 2006.

<sup>9</sup> Handbók TR í október 2005. Skerðingarmörkin hækkðu um 5,1% í janúar 2006 og eru 157.855 og 234.098 á mánuði árið 2006. Þar sem einungis helmingur fjármagnstekna skerðir grunnlífeyri þá mátti lífeyrisþegi hafa 3,6 m.kr. í fjármagnstekjur árið 2004 án þess að grunnlífeyririnn skertist árið 2005.



### *Tekjutrygging og skerðingarákvæði*

Ellilífeyrisþegi getur átt rétt á greiðslu svonefndrar tekjutryggingar sem óskert var kr. 43.113 árið 2005. Fari tekjur lífeyrisþega og maka hans, að undanskildum greiðslum frá Tryggingastofnun, húsaleigubótum og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, ekki yfir ákveðna upphæð (frítekjumark) á hann rétt á óskertri tekjutryggingu. Frítekjumark tekjutryggingar ellilífeyrisþega var kr. 48.182 árið 2005. Skattskyldar tekjur yfir tekjumarki skerða tekjutryggingu um 45% þeirra tekna sem umfram eru og féll tekjutryggingin niður við mánaðartekjur sem námu kr. 143.989. Helmingur fjármagnstekna skerðir einnig greiðslur á sama hátt. Greiðslur frá Tryggingastofnun, húsaleigubætur og fjárhagsleg aðstoð sveitarfélaga skerða ekki tekjutrygginguna. Við útreikning tekjutryggingar er ekki gerður greinarmunur á greiðslum úr lífeyrissjóði og öðrum skattskyldum tekjum. Tekjur maka hafa áhrif á upphæð tekjutryggingar og er frítekjumark hjóna mismunandi eftir því hvort bæði hjón fá lífeyrisgreiðslur eða einungis annað þeirra. Greiðslur frá Tryggingastofnun, húsaleigubætur og fjárhagsleg aðstoð sveitarfélaga skerða ekki tekjutrygginguna.

### *Tekjutryggingarauki og skerðingarákvæði*

Tekjutryggingarauki er greiðsluflokkur sem rennur til tekjulágra einstaklinga. Einhleypingar sem eru með heimilisuppbót gátu mest fengið 21.258 kr. á mánuði í tekjutryggingarauka árið 2005 en hjón og sambýlingar gátu mest fengið 17.065 kr. á mánuði hvort. Allar tekjur aðrar en greiðslur almannatrygginga og félagsleg aðstoð sveitarfélaga skerða tekjutryggingarauka um 45% og er helmingur samanlagðra tekna hjóna og sambúðarfólks lagður til grundvallar.

### *Áhrif tekjutengingarinnar á greiðslur TR*

Ákvæði almannatryggingalaga um skerðingu á grunnlífeyri hafa mjög takmörkuð áhrif. Á árinu 2004 fengu 26.427 ellilífeyrisþegar greiddan grunnlífeyri sem nam 6.613 m.kr. Ef þessi fjöldi hefði allur fengið óskertan grunnlífeyri, kr. 21.249 á mánuði, hefði heildargreiðslan numið 6.739 m.kr. Þarna munar 126 m.kr. sem eru áhrif tekjutengingar grunnlífeyrisins. Tekjutenging tekjutryggingarinnar hefur mun meiri áhrif. Greiðslur tekjutryggingar til ellilífeyrisþega árið 2004 námu kr. 9.286 en ef allir ellilífeyrisþega hefðu fengið greidda óskerta tekjutryggingu, kr. 41.665 þá hefði hún numið 13.210 m.kr. Tekjutengingin skerti þannig hámarks tekjutryggingu um 3,9 milljarða króna eða um 30%.

Þróun skerðingar tekjutryggingar vegna tekna lífeyrisþega hefur verið fremur hæg undanfarin ár. Samanburður á fjölda móttakenda og fjárhæðar grunnlífeyris við fjölda móttakenda og fjárhæðar tekjutryggingaauka bendir til þess. Ef heildargreiðsla grunnlífeyris hefði aukist meira en heildargreiðsla tekjutryggingar benti það til þess að þeim lífeyrisþegum færi fjölgandi sem væru með það miklar tekjur að tekjutengingin hefði voxandi áhrif til skerðingar á tekju-

Þróun skerðingar á tekjutryggingunni vegna hækkandi lífeyristekna ellilífeyrisþega hefur verið fremur hæg eða samtals tæp 7% á undanfönum átta árum.





tryggingunni. Athugun á þróuninni á tímabilinu 1996-2004 bendir ekki til þess að það hafi gerst að neinu marki. Ellilífeyrisþegum fjölgaði um 14,6% á þessum tíma og móttakendum tekjutryggingar um 13,1%. Heildargreiðslur grunnlífeyris jukust um 88% en heildargreiðslur tekjutryggingar um 76%. Þróun skerðingar á tekjutryggingunni vegna hækkandi lífeyristekna ellilífeyrisþega hefur þannig verið fremur hæg eða samtals tæp 7% á þessum átta árum.

## 4.2 Örorkulífeyrir TR

Líkt og ellilífeyrisþegar eiga þeir sem metnir hafa verið til a.m.k. 75% örorku til langframa vegna afleiðinga sjúkdóma eða fötlunar, skv. lögum um almannatryggingar, rétt til örorkulífeyris. Grunnlífeyrir var kr. 21.993 á mánuði árið 2005 en tekjutrygging örorkulífeyrisþega var 44.172 kr., sem var 1.059 kr. hærri fjárhæð á mánuði en tekjutrygging ellilífeyrisþega. Eins og ellilífeyrisþegar eiga tekju-lágir öryrkjar rétt á greiðslu tekjutryggingarauka og heimilisuppbót- ar. Ákvæði um tekjutengingar örorkulífeyris eru þau sömu og hjá ellilífeyrisþegum.

Skattskyldar tekjur aðrar en lífeyrissjóðstekjur, greiðslur frá Tryggingastofnun, húsaleigubætur og fjárhagsleg aðstoð sveitar- félaga skerða örorkulífeyri ef einstaklingur fer yfir viss tekjumörk. 25% af þeim tekjum sem eru umfram tekjumörkin skerða örorku- lífeyrinn. Helmingur fjármagnstekna skerðir einnig bæturnar á sama hátt. Lífeyririnn byrjar að skerðast ef tekjur einstaklings eða hjóna hvors um sig voru hærri en að meðaltali 153.007 kr. á mán- uði, en féll alveg niður þegar tekjurnar náðu að meðaltali 240.979 kr. á mánuði.

Frítækjumark tekjutryggingar örorkulífeyrisþega á mánuði var kr. 49.750 árið 2005 og féll hún niður við kr. 147.910. 45% mánaðar- tekna yfir frítækjumarkinu skerða tekjutryggingu. Við útreikning er ekki gerður greinarmunur á greiðslum úr lífeyrissjóði og öðrum skattskyldum tekjum. Hafa ber í huga að tekjur maka hafa áhrif á upphæð tekjutryggingar og að aðeins 60% atvinnutekna öryrkja eru lagðar til grundvallar útreikningi tekjutryggingar.

Öryrkjar eiga einnig rétt á greiðslu aldurstengdar örorkuuppbót- ar sem er tiltekið hlutfall af grunnlífeyri. Uppbótin miðast við það hvenær viðkomandi var úrskurðaður öryrki og er formúlan þannig að 18-19 ára fá aldurstengda uppbót sem nemur 100% af grunnlí- feyri, 20-21 árs fá 95% og síðan skerðist greiðslan um 5% fyrir hver tvö ár þar til 28 ára aldri er náð. Þá skerðist greiðslan um 10% á hverju tveggja ára bili þar til 40 ára aldri er náð en þá er uppbótin komin niður í 10% af grunnlífeyri. Þeir sem urðu öryrkjar á aldr- inum 44-48 ára fá 5% í aldursuppbót, 49-59 fá 2,5% og 60-66 ára fá 1,5%.



### 4.3 Úrvinnsla á gögnum frá TR um ellilífeyrisþega<sup>10</sup>

Í árslok 2004 voru íbúar á Íslandi, 67 ára og eldri, samtals 30.859. Í desember 2004 fékk 28.161 einstaklingur greiddan ellilífeyri frá TR, þ.m.t. svokallaða vasapeninga, þannig að um 2.700 einstaklingar á ellilífeyrisaldri fengu ekki greiddan neinn ellilífeyri. Ástæðan fyrir því er sú að þeir hafa haft tekjur yfir þeim viðmiðunarmörkum sem lífeyrisgreiðslur miðast við. Lífeyrir fellur niður þegar dvalist hefur verið meira en sex mánuði samtals á undanförunum 12 mánuðum á stofnun eða vistheimili. Vistmaður á þó rétt á vasapeningum, 21.993 kr. á mánuði árið 2005, ef mánaðarlegar tekjur eru lægri en 7.263 kr. en tekjur umfram það skerða vasapeninga um 65% þeirra tekna sem umfram eru. Aldraðir sem ekki fá neinar greiðslur frá TR eru því að öllum líkindum einkum vistmenn með fjármagnstekjur sem eru hærri en 500 þús. kr. á ári eða sem nemur 41 þús. kr. á mánuði.

2.700 einstaklingar á lífeyrisaldri fengu ekki greiddan neinn ellilífeyri, væntanlega vegna fjármagnstekna.

#### 4.3.1 Meðalfjárhæðir greidds ellilífeyris

Meðalfjárhæð allra greiðsluflokka nam samtals um 53 þúsund krónum í desember 2004. Af ellilífeyrisþegunum 28.161 fengu tæplega 1.800 einungis greidda svokallaða vasapeninga þannig að móttakendur grunnlífeyris voru 26.400. Rúmlega 4.000 þeirra uppfylltu ekki skilyrði fyrir greiðslu tekjutryggingar þannig að þeir sem fengu greidda tekjutryggingu voru 22.176 og nam meðalfjárhæðin 32.623 hjá þeim sem hana fengu greidda. Tæplega 8 þúsund einstaklingar fengu greidda heimilisuppbót og tekjutryggingarauka og námu þessir bótaflokkar kr. 22.500 að meðaltali hjá þeim sem þær fengu. Þá fengu tæplega 4 þúsund einstaklingar greiddar svokallaðar frekari uppbætur, að upphæð kr. 7.700 að meðaltali. Loks fengu 34 ellilífeyrisþegar greiddan barnalífeyri.

#### Ellilífeyrir greiddur af TR í desember 2004

Tegundir lífeyris	Fjöldi ellilífeyrisþega	Vegin meðalgreiðsla á mánuði
Grunnlífeyrir	26.406	20.704
Tekjutrygging	22.176	32.623
Tekjutryggingarauki	7.942	7.934
Heimilisuppbót	7.768	14.597
Frekari uppbót	3.843	7.681
Vasapeningar	1.756	13.134
Barnalífeyrir	34	23.566
Samtals	28.161	53.263

<sup>10</sup> Að beiðni SA útbjó Tryggingastofnun ríkisins sundurliðun lífeyrisgreiðslna elli- og örorkulífeyrisþega eins og þær voru í desember 2004. Töflur voru útbúar þar sem fram kom fjöldi og meðalgreiðslur lífeyrisgreiðslna alls á 5.000 kr. bilum. Í hverju slíku bili komu einnig fram framtaldar tekjur lífeyrisþeganna árið 2003, þ.e. lífeyris-, launa- og fjármagnstekjur.





90% ellilífeyrisþega höfðu tekjur úr lífeyrissjóðum árið 2003, að meðaltali 65.600 kr. á mánuði.

Helmingur ellilífeyrisþega hafði fjármagnstekjur og námu þær 29 þús. kr. á mánuði að meðaltali.

3.500 lífeyrisþegar (13%) höfðu launatekjur sem að meðaltali námu 57 þús. kr. á mánuði árið 2003.

#### 4.3.2 Aðrar tekjur ellilífeyrisþega

Langstærstur hluti ellilífeyrisþeganna hafði tekjur úr lífeyrissjóðum eða tæplega 90% þeirra. Mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur árið 2003 námu að meðaltali 65.600 kr. hjá þeim 25 þúsund lífeyrisþegum sem þær fengu. Stemmur það vel við samantekt Fjármálaeftirlitsins á ársreikningum lífeyrissjóða en þar kemur fram að samtryggingardeildir lífeyrissjóðanna hafi greitt rúma 20 milljarða króna í ellilífeyri á árinu 2004. Um helmingur ellilífeyrisþega hafði fjármagnstekjur og námu þær 29 þús. kr. á mánuði að meðaltali. Þá voru 3.500 lífeyrisþegar með launatekjur sem að meðaltali námu 57 þús. kr. á mánuði árið 2003.

#### Tekjur ellilífeyrisþega 2003

	Fjöldi með tekjur	Meðaltekjur	
		Á ári	Á mánuði
Lífeyrissjóðstekjur	25.006	787.507	65.626
Fjármagnstekjur	14.422	349.813	29.151
Launatekjur	3.481	684.426	57.035

Tekjur maka leika einnig hlutverk í tekjutengingu lífeyrisgreiðslnanna. Makar lífeyrisþega höfðu einnig rúmlega 65 þús. kr. í tekjur úr lífeyrissjóðum árið 2003 en launatekjur makanna voru tvöfalt hærri að meðaltali en launatekjur lífeyrisþeganna. Það kann að skýrast af því að makar lífeyrisþega með launatekjur séu að stórum hluta enn ekki komnir á lífeyrisaldur.

#### Tekjur maka ellilífeyrisþega 2003

	Fjöldi með tekjur	Meðaltekjur	
		Á ári	Á mánuði
Lífeyrissjóðstekjur maka	11.841	788.050	65.671
Fjármagnstekjur maka	5.349	464.455	38.705
Launatekjur maka	3.379	1.473.368	122.781


#### 4.3.3 Dreifing ellilífeyrisgreiðslna TR

Á meðfylgjandi mynd sést dreifing greiðslna TR til ellilífeyrisþega í desember 2004 á fimm þúsund króna bili. Þegar dreifingin er skoðuð sést augljóslega að tveir toppar skipta dreifingunni í þrennt. Fyrri toppurinn er á bilinu 20-25 þúsund krónur og endurspeglar þann hóp sem einungis fær greiddan grunnlífeyri. Sá hópur telur 16% ellilífeyrisþega. Þar fyrir neðan eru þeir sem fengu minna en 20 þús. kr. í grunnlífeyri á mánuði vegna skerðingar á lífeyrinum vegna hárra tekna og eru þeir 8% af heildinni. Hinn toppurinn er

við 63 þús. kr. markið en það eru þeir sem fá greiddan grunnlífeyri og óskerta tekjutryggingu, en ekki aðra bótaflokka og telur hann 12% af heildinni. Á milli toppanna liggur 30% hópsins og fá þeir greidda skerta tekjutryggingu. Rúmur þriðjungur hópsins, eða 34%, fékk greiddar meira en 63.000 kr. í bætur á mánuði, sem auk grunnlífeyris og tekjutryggingar voru í formi tekjutryggingarauka, heimilisuppbótar og frekari uppbóta, þar sem þeir höfðu litlar sem engar aðrar tekjur en bætur TR.

16% ellilífeyrisþega fengu einungis greiddan grunnlífeyri, en 34% fengu greiddan tekjutryggingarauka og heimilisuppbót.

Greiðslur TR til ellilífeyrisþega í desember 2004  
Hlutfallsleg dreifing á 5 þús. kr. bil



#### 4.3.4 Dreifing heildartekna ellilífeyrisþega

Heildartekjur ellilífeyrisþega voru 154 þús. kr. á mánuði að meðaltali í desember 2004. Er þá byggt á lífeyrisgreiðslum í desember og lífeyris-, launa- og fjármagnstekjum árið 2003. Á meðfylgjandi súluriti er dregin upp mynd af dreifingu heildartekna ellilífeyrisþega. Á lárétta ásnum er dreifing bótagreiðslna TR eftir 5 þús. kr. bilum og við þær er síðan bætt öðrum tekjum ellilífeyrisþegans. Sé dæmi tekið af fyrstu súlunni þá sýnir hún meðalgreiðslu TR til ellilífeyrisþega sem fá á bilinu eina krónu til fimm þúsund krónur í mánaðarlegar bætur frá TR. Þarna er um að ræða nokkur hundruð einstaklinga sem fá um 2.500 kr. á mánuði að meðaltali frá TR. Þar til viðbótar fá einstaklingar í þessu bili launatekjur, fjármagnstekjur og tekjur úr lífeyrissjóði sem nema um 80 þús. kr. að meðaltali og eru þær sýndar með rauða hluta súlunnar. Þegar á heildina er litið þá voru þeir sem höfðu tekjur undir 100 þús. kr. 8% hópsins en unnt er að hafa lægri heildartekjur en 100 þús. kr. ef um vistmann á stofnun er að


Ellilífeyrisþegar höfðu 154 þús. kr. á mánuði að meðaltali í desember 2004, þ.e. í lífeyri, laun og fjármagnstekjur.



ræða eða lífeyrisþeginn á maka. Um helmingur ellilífeyrisþega var með mánaðartekjur á bilinu 114-140 þús. kr. á mánuði og 40% voru með tekjur á bilinu 140-220 þús. kr. á mánuði.

## Heildartekjur ellilífeyrisþega í desember 2004

Dreifing eftir bótagreiðslum TR



### 4.4 Úrvinnsla á gögnum frá TR um örorkulífeyrisþega

Í desember 2004 fengu 12.250 öryrkjar greiddan lífeyri frá TR. Af þeim fengu 240 greidda vasapeninga þannig að móttakendur grunnlífeyris voru 12.011.

#### 4.4.1 Meðalfjárhæðir greidds örorkulífeyris

Meðalgreiðslur örorkulífeyris námu 78.413 kr. í des. 2004.

Meðalfjárhæð greidds grunnlífeyris TR var kr. 20.617 í desember 2004, en óskertur grunnlífeyrir var kr. 21.249 á árinu 2004. Langflestir öryrkjar fengu greiddan nýja bótaflokkinn, aldurstengda örorkuuppbót, en skerðing hans hefst við tiltölulega há tekjumörk, eða yfir 200 þús. kr. á mánuði. Fjórðungur öryrkja fékk greidda heimilisuppbót en þegar allir bótaflokkar eru lagðir saman þá námu meðalgreiðslur örorkulífeyris 78.413 kr. í desember 2004.

## Örorkulífeyrir greiddur af TR í desember 2004

Tegundir lífeyris	Fjöldi örorku- lífeyrisþega	Vegin meðal- greiðsla á mánuði
Grunnlífeyrir	12.011	20.617
Aldurstengd örorkuuppbót	11.944	7.649
Tekjutrygging	11.060	35.187
Tekjutryggingarauki	4.709	13.057
Heimilisuppbót	3.573	15.814
Frekari uppb.	2.257	10.316
Vasapeningar	240	18.668
Barnalífeyrir	2.814	30.791
Samtals	12.250	78.413

### 4.4.2 Aðrar tekjur örorkulífeyrisþega

Rúmur helmingur öryrkja hafði tekjur úr lífeyrissjóðum og nam meðalupphæð lífeyris úr lífeyrissjóði tæpum 54 þús. kr. á mánuði hjá þeim sem lífeyri fengu greiddan. Fjórðungur öryrkja hafði fjármagnstekjur og nam meðalupphæðin 12.600 hjá þeim sem höfðu slíkar tekjur. Loks hafði rúmur fjórðungur (27%) launatekjur á árinu 2003 og námu þær tæpum 61 þús. kr. á mánuði að meðaltali hjá þeim sem höfðu einhverjar tekjur.

Öryrkjar höfðu 54 þús. kr. að meðaltali á mánuði úr lífeyrissjóði.

### Tekjur örorkulífeyrisþega 2003

	Fjöldi	Meðaltekjur	
		Á ári	Á mánuði
Lífeyrissjóðstekjur	6.771	645.291	53.774
Fjármagnstekjur	3.000	150.693	12.558
Launatekjur	3.341	730.428	60.869

Tekjur maka öryrkja hafa áhrif á örorkulífeyrinn. Um fjórðungur öryrkja á maka sem höfðu 234 þús. kr. launatekjur að meðaltali á mánuði árið 2003. Í ljósi þess að tekjur maka hafa áhrif á tekjutrygginguna og skerðing hefst við samanlagðar tekjur hjóna í námunda við 200 þús. kr. á mánuði er ljóst að tekjur maka hafa umtalsverð áhrif á greiðslu tekjutryggingar til öryrkja.

Tekjur maka hafa umtalsverð áhrif á greiðslu tekjutryggingar til öryrkja.

### Tekjur maka örorkulífeyrisþega 2003

	Fjöldi	Meðaltekjur	
		Á ári	Á mánuði
Lífeyrissjóðstekjur maka	1.137	805.368	67.114
Fjármagnstekjur maka	1.644	246.253	20.521
Launatekjur maka	3.293	2.811.377	234.281




Öryrkjar fengu 78 þús. kr. að meðaltali úr öllum bótaflokkum TR í desember 2004.

#### 4.4.3 Dreifing örorkulífeyrisgreiðslna TR

Öryrkjar fengu greiddar rúmar 78 þús. kr. að meðaltali úr öllum bótaflokkum TR í desember 2004. Dreifingin var mjög mikil í kringum meðaltalið, eins og meðfylgjandi súlurit sýnir. Eins og hjá ellilífeyrisþegunum eru toppar í dreifingunni við óskertan grunnlífeyri, en 6% öryrkja fengu greiðslu sem nam óskertum grunnlífeyri og síðan er annar toppur við fjárhæðina 60-65 þúsund, en hana fá þeir sem fá greiddan grunnlífeyri og fulla tekjutryggingu. Myndin er þó flóknari þar sem aldurstengda uppþótin leggst við greiðslur til allra öryrkja og þannig fær enginn greiddan grunnlífeyri eingöngu eða grunnlífeyri að viðbætti tekjutryggingu eingöngu.

Greiðslur TR til örorkulífeyrisþega í desember 2004  
Hlutfallsleg dreifing á 5 þús. kr. bil




55% örorkulífeyrisþega í desember 2004 fengu einnig lífeyri frá lífeyrissjóðum. Meðalmánaðargreiðslan árið 2003 nam 54 þús. kr.

#### 4.4.4 Dreifing tekna örorkulífeyrisþega úr lífeyrissjóðum

Af þeim 12.250 örorkulífeyrisþegum sem fengu lífeyri frá TR í desember 2004 fengu 6.771, eða 55%, lífeyri greiddan frá lífeyrissjóðum og 5.479, eða 45%, höfðu ekki slíkar tekjur. Meðalmánaðargreiðslan til þeirra sem fengu greiðslur var 54 þús. kr. á mánuði á árinu 2003 en miðtalan var 43 þúsund. Fjórðungur fékk undir 21 þús. kr. og fjórðungur yfir 74 þús. kr. Þeir örorkulífeyrisþegar sem höfðu svo háar greiðslur úr lífeyrissjóði að þeir fengu enga tekjutryggingu voru um 350 eða 5% af þeim sem fengu greiðslur úr lífeyrissjóði. Þeir sem höfðu hærri greiðslur en 46 þúsund kr. úr lífeyrissjóði og fengu þar af leiðandi skerta tekjutryggingu af þeim sökum voru rúmlega 3.100 eða 46% af þeim sem fengu greiðslur úr lífeyrissjóði. Loks fengu 3.300 manns, eða 51% af þeim sem fengu greiðslur úr lífeyrissjóði, það lágar greiðslur að þær skertu ekki tekjutrygginguna.

## Tekjur öryrkja frá lífeyrissjóðum 2003 Dreifing tekna á mánuði




### 4.4.5 Dreifing heildartekna örorkulífeyrisþega

Heildartekjur örorkulífeyrisþega voru 128 þús. kr. á mánuði að meðaltali í desember 2004. Það voru samanlagðar lífeyrisgreiðslur í desember, 78.400 að meðaltali, og lífeyris-, launa- og fjármagnstekjur árið 2003, en þær námu 49.400 að jafnaði. Á meðfylgjandi mynd er sýnd dreifing tekna öryrkja eftir bótagreiðslum TR í desember 2004. Þar kemur fram að þeir sem lágstar bæturnar fá eru

Heildartekjur örorkulífeyrisþega voru 128 þús. kr. á mánuði að meðaltali í desember 2004.

### Tekjur örorkulífeyrisþega í desember 2004 Dreifing eftir bótagreiðslum TR







jafnframt þeir sem hæstar hafa aðrar tekjur, en þannig virkar einmitt tekjutenging bótanna.

Lægsti tekjuhópurinn hafði um 115 þús. kr. í heildartekjur á mánuði en lang algengast var að öryrkjar hefðu 115-125 þús. kr. í mánaðartekjur, eða sem nam helmingi hópsins. Þrír fjórðu hlutar öryrkja hafði heildartekjur undir 130 þús. kr. á mánuði.


## 5. Þróun lífeyrisgreiðslna og samspil við ellilífeyri TR

- Eftir þrjú áratugi verða 67 ára og eldri orðnir tvöfalt fleiri en nú. Árið 2045 er því spáð það þeir verði 67 þúsund og 19% íbúanna, eða nálægt því tvöfalt fleiri hlutfallslega en þeir eru nú.
- Hér er í fyrsta sinn lagt mat á samspili greiðslna TR og lífeyrisgreiðslna lífeyrissjóða. Það leiðir í ljós að meðallífeyrir frá lífeyrissjóðum, sem er um 60 þús. kr. um þessar mundir, muni tvöfaldast á næstu 25 árum og verða 120 þúsund ári 2030.
- Nýir lífeyrisþegar fá nú um 80 þúsund kr. á mánuði að meðaltali úr lífeyrissjóðunum en sú fjárhæð mun tvöfaldast á næstu þremur áratugum.
- Smám saman verður hlutverk lífeyrissjóðanna yfirgnæfandi. Þrátt fyrir næstum því tvöföldun í fjölda ellilífeyrisþega munu greiðslur almannatrygginga einungis aukast um 50% en á sama tíma munu greiðslur lífeyrissjóðanna fimmfaldast.

### 5.1 Fjölgun aldraðra

Í árslok 2004 voru 30.859 íbúar á landinu 67 ára og eldri og voru þeir 10,5% íbúa landsins. Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar mun íbúum á þessum aldri fjölga fremur hægt allra næstu árin en upp úr árinu 2015 tekur þeim að fjölga hratt. Árið 2020 er gert ráð fyrir að þeir verði 43 þúsund og 13% íbúanna og að árið 2025 verði þeir orðnir 50 þúsund og 15% íbúanna. Eftir þrjú áratugi verða 67

Eftir þrjú áratugi verða aldraðir orðnir tvöfalt fleiri en nú.






Greiðslur lífeyrissjóðanna skerða tekjutryggingu TR umtalsvert.

ára og eldri orðnir tvöfalt fleiri en nú. Árið 2045 er því spáð það þeir verði 67 þúsund og 19% íbúanna, eða nálægt því tvöfalt fleiri hlutfallslega en þeir eru nú.

## 5.2 Áhrif núverandi lífeyrisgreiðslna á ellilífeyrisgreiðslur TR

Samtryggingarlífeyrissjóðirnir greiddu tæplega 19 milljarða króna í ellilífeyri á árinu 2003. Þessar greiðslur skertu greiðslur tekjutryggingar TR umtalsvert og í nokkrum mæli grunnlífeyri. TR hefur ekki birt upplýsingar um það hvernig tekjutrygging og grunnlífeyrir skerðast vegna einstakra tekjuþátta, þ.e. launatekna, fjármagnstekna og tekna úr lífeyrissjóðum, og ekki er kunnugt um að aðrir aðilar hafi lagt mat á þetta samspil. Hér á eftir verður þá væntanlega í fyrsta sinn lagt mat á þetta samband út frá gögnum TR um dreifingu lífeyristekna ellilífeyrisþega árið 2003. Launatekjur og fjármagnstekjur skerða einnig bætur TR en ekki er lagt mat á áhrif þeirra tekna á bæturnar, einungis greiðslur til einstaklinga úr lífeyrissjóðum. Í því mati sem hér fer á eftir er heldur ekki tekið tillit til tekna maka. Dreifing lífeyristekna ellilífeyrisþega er sýnd á meðfylgjandi súluriti.



Fjórðungur hafði undir 17.000, miðgildi var 35.000 og fjórðungur hafði yfir 75.000 á mánuði frá lífeyrissjóði árið 2003.

Helstu kennitölur dreifingar lífeyristekna ellilífeyrisþega árið 2003 voru þær að lífeyrisgreiðslurnar voru 58 þús. kr. á mánuði að meðaltali. Miðtalan var hins vegar mun lægri, eða 35 þúsund, fjórðungur var undir 17 þús. kr. og fjórðungur hafði yfir 75 þús. kr. á mánuði. Skerðing tekjutryggingar á árinu 2004 vegna tekna árið 2003 hófst við 46 þúsund króna tekjur og voru tæp 60% lífeyrisþega undir þeim



mörkum og höfðu þannig óskerta tekjutryggingu. Tekjutryggingin féll niður við kr. 138 þús. kr. á mánuði og höfðu 30% ellilífeyrisþega tekjur úr lífeyrissjóðum á því bili sem tekjutryggingin skertist, þ.e. á bilinu 46-138 þúsund kr. Loks höfðu 10% ellilífeyrisþega það háar tekjur úr lífeyrissjóði að þeir fengu enga tekjutryggingu.

Þegar þessi dreifing lífeyristekna er sett inn í bótakerfi TR, og ekki tekið tillit til annarra tekna ellilífeyrisþega, fæst sú niðurstaða að lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna hafi skert tekjutryggingu TR um 2,7 milljarða króna á árinu 2004 sem jafngildir 19%. Ef ellilífeyrisþegarnir 28.161 hefðu fengið óskerta tekjutryggingu hefðu greiðslurnar í heild numið 14,1 milljarði en vegna lífeyrissjóðs-greiðslanna hefðu þær orðið 11,4 milljarðar. Í raun urðu greiðslur TR vegna tekjutryggingar 9,3 milljarðar króna, þannig að tekjutryggingin skertist um 2,1 milljarð króna til viðbótar vegna launa- og fjármagnstekna.

### 5.3 Þróun lífeyrisgreiðslna lífeyrissjóðanna næstu áratugi

Það er mikilvægt fyrir umræðu um lífeyriskerfið að fyrir liggja upplýsingar um hversu háar bætur lífeyrissjóðirnir eru að greiða skjólstaðingum sínum, hvernig þær dreifast og muni þróast á komandi árum. Því miður eru opinberar staðtölur um greiðslur lífeyrissjóðanna til einstaklinga fremur fábreyttar enn sem komið er og þarf að bæta úr því. Þá er afar áhugavert að fá skýrari mynd af því á hvern veg samspil bóta almannatrygginga og greiðslna lífeyrissjóða muni þróast í framtíðinni.

Í því skyni að varpa ljósi á umrætt samspil fengu Samtök atvinnulífsins heimild hjá sex stærstu lífeyrissjóðum landsins til þess að safna saman gögnum um áunninn bótarétt sjóðsfélaga þessara sjóða. Þessir sex sjóðir eru Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), Lífeyrissjóðurinn Framsýn (nú Gildi-lífeyrissjóður), Lífeyrissjóður sjómanna (nú Gildi-lífeyrissjóður), Sameinaði lífeyrissjóðurinn og Lífeyrissjóður Norðurlands. Framan-greindir sjóðir greiddu 81% af þeim ellilífeyri sem sjóðirnir greiddu á árinu 2004 og átta 76% af eignum lífeyrissjóðanna. Úrtakið er það stórt að það endurspeglar allan vinnumarkaðinn nægilega vel.

Samtök atvinnulífsins fólu Bjarna Guðmundssyni, trygginga-stærðfræðingi, að safna saman gögnunum frá lífeyrissjóðunum og útbúa staðtölur sem gæfu skýra mynd af lífeyrisgreiðslum lífeyrissjóðanna og þróun þeirra næstu áratugi. Tekið skal fram að markmið rannsóknarinnar var einungis að taka saman staðtölur um heildarstærðir í þeim tilgangi að kortleggja samspil lífeyrisgreiðslna lífeyrissjóða og ellilífeyris almannatrygginga og því verða ekki útbúnar niðurstöður á grundvelli gagnanna sem unnt verður að nota í neinu öðru samhengi. Um það voru forsvarsmenn viðkomandi sjóða fullvissaðir. Engar niðurstöður voru unnar um einstaka sjóði og þar af leiðandi verður enginn innbyrðis samanburður gerð-

Greiðslur lífeyrissjóðanna skertu tekjutryggingu TR um 19%.

Áhugavert er að fá skýra mynd af samspili bóta TR og greiðslna lífeyrissjóða í framtíðinni.

Samtök atvinnulífsins fengu heimild hjá sex stærstu lífeyrissjóðum landsins til þess að safna saman gögnum um bótarétt.

Markmið rannsóknarinnar var að kortleggja samspil lífeyrisgreiðslna lífeyrissjóða og ellilífeyris almannatrygginga.



ur á réttindamyndun þeirra. Öll gögn voru á dulkóðuðu formi og voru persónuupplýsingar því ekki rekjanlegar. Persónuvernd var gerð grein fyrir rannsókninni, tilgangi hennar og gagnasöfnun.

### 5.3.1 Helstu forsendur og aðferðir

Frá lífeyrissjóðunum sex fengust gögn, með brengluðum kennitölum, um alla þá einstaklinga sem réttinda hafa aflað í sjóðunum frá upphafi, ár fyrir ár. Færslurnar fyrir hvern sjóðsfélaga eru þannig gerðar að réttindaöflun er tilgreind ár fyrir ár. Í almennu sjóðunum var um stig að ræða, en stigin ákvarða prósentu af svokölluðum grundvallarfjárhæðum sem lífeyrisgreiðslur hafa grundvallast á. Hjá B-deild LSR er í gildi eftirmannsregla sem ákvarðar lífeyrinn og er í stað stiga tilgreind sú prósentu af eftirmannsalaunum sem viðkomandi hefur áunnið sér ár hvert, yfirleitt 2% fyrir fullt starf allt árið.

Ein forsenda er að framreikningur byggist á virkum sjóðsfélögum.

Ein meginforsenda rannsóknarinnar er að framreikningurinn er byggður á virkum sjóðfélögum, þ.e. á þeim einstaklingum sem voru á vinnumarkaði árið 2004 en þeim er sleppt sem ekki greiddu iðgjöld til sjóðanna á árinu, þótt á vinnualdri væru og hafi greitt til þeirra á árum áður. Í úrvinnslu voru gögn almennu lífeyrissjóðanna og LSR unnin sitt í hvoru lagi og LSR síðan skipt eftir því hvort um A eða B deild var að ræða. Niðurstöður þessara tveggja gagnasafna voru síðan lagðar saman. Sjóðsfélagar hafa yfirleitt áunnið sér rétt í fleiri en einum sjóði. Í úrvinnslunni var athugað hvort sjóðsfélagar hefðu áunnið sér rétt í öðrum sjóðum og var réttindum í öðrum sjóðum bætt við ef þau voru fyrir hendi. Gildir það jafnt um opinberan starfsmann sem greiddi í A- eða B-deild LSR með réttindi einnig í sjóði á almennum markaði eða öfugt.

Ekki var unnt að nota allt gagnasafnið til þess að byggja framreikninga á, þar sem gríðarlegur fjöldi sjóðsfélaga ávinnur sér lítinn rétt vegna vinnu hluta úr ári eða lágs starfshlutfalls. Af þeim sökum varð að útbúa skilyrði eða síur þannig að gögn til framreiknings yrðu marktækari.<sup>11</sup> Í upphaflega safninu voru tæplega 232 þúsund

<sup>11</sup> Fyrir sjóðsfélaga í almennu lífeyrissjóðunum voru útbúnar tvær reglur. Annars vegar þurfti iðgjald að nema a.m.k. fjórðungi meðaliðgjalds árið 2004 og hins vegar var sett skilyrði um að greitt hefði verið iðgjald til lífeyrissjóða í a.m.k. 60% af þeim árum eftir 1970 sem viðkomandi var 16 ára eða eldri. Ekki var sett skilyrði um greiðslu iðgjalda fyrir árið 1970 en það er upphafsár almenna lífeyrissjóðakerfisins, þótt ýmsir lífeyrissjóðir eigi sér lengri sögu. Meðalárstekjur hópsins sem uppfyllti framangreind skilyrði voru 2,2 m.kr. árið 2004. Í A-deild LSR ávinna sjóðsfélagar sér rétt til mánaðarlegs lífeyris sem nemur 1,9% af heildarárslaunum. Fyrir sjóðsfélaga í B-deild var það skilyrði sett að áunninn réttur í deildinni þyrfti að nema a.m.k. 85% af meðalrétti í deildinni, skipt eftir kyni og aldri. Sá hópur sem uppfyllti þetta skilyrði hafði meðallaun sem voru svipuð og meðallaun opinberra starfsmanna voru í heild árið 2004. Heildarárslaun þessa hóps voru 2,9 m.kr. árið 2004 og var meðalaldurinn 37 ár. Í B-deild LSR ávinna sjóðsfélagar sér rétt til eftirlauna sem nemur 2% af dagvinnulaunum og var það skilyrði sett að karlar næðu a.m.k. 1,5% rétti og konur 1,25%. Hópurinn sem uppfyllti þetta skilyrði hafði að meðaltali 2,7 m.kr. í dagvinnulaun árið 2004 og var meðalaldurinn 54 ár.



sjóðsfélagar en eftir síun stóðu 82 þúsund eftir. Hlutdeild almennu sjóðanna í endanlega safninu var 72% en í úrvinnslu var hlutur almennu sjóðanna hækkaður í 80% en það er áætluð hlutdeild þeirra í heildinni á landinu öllu.


Samanburður á fjölda sjóðsfélaga í upphaflegu gagnasafni og þeim fjölda sem notaður var til framreiknings

	Fjöldi í upphaflegu safni	Fjöldi í safninu sem var framreiknað
Almennu lífeyrissjóðirnir	201.529	58.774
LSR A-deild	22.353	15.973
LSR B-deild	7.989	7.208
Samtals	231.871	81.955

Starfandi á vinnumarkaði voru um 155 þúsund á árinu 2004 og atvinnutekjur þeirra námu samtals um 450 milljörðum króna. Við úrvinnslu gagna var þess gætt að meðaltekjur sjóðsfélaga lífeyrissjóðanna eftir aldri samræmdust atvinnutekjum og atvinnuþátttöku samkvæmt tölum Hagstofunnar. Við framreikning á réttindamyndun sjóðsfélaga var byggt á aldursháðum dánarlíkum og örorkulíkum eins og gert er í tryggingafræðilegum uppgjörum lífeyrissjóðanna. Þá voru tekjur hvers sjóðsfélaga framreiknaðar í samræmi við aldersdreifingu atvinnutekna, sbr. meðfylgjandi línurit.

Starfandi voru 155 þúsund á árinu 2004 og atvinnutekjur þeirra námu samtals um 450 milljörðum kr.

Atvinnutekjur 2004 - dreifing eftir aldri  
Meðaltekjur = 100





Sem dæmi um framreikning tekna til samræmis við aldursdreifingu atvinnutekna má nefna einstakling sem var 20 ára árið 2004. Árstekjur hans voru t.d. ein milljón króna það árið. Þær eru látnar vera óbreyttar næstu fjögur ár en á fimmta ári, þegar hann verður 25 ára, eru þær hækkaðar í 1,4 m.kr. og ná hámarki við 45 ára aldur í 2,2 m.kr. Eftir að 50 ára aldri er náð fara árstekjurnar síðan lækkandi.

Framreikningurinn byggir á íbúafjölda landsins í árslok 2004 og skiptingu hans í fjóra flokka eftir stöðu á vinnumarkaði og kynjum. Þessir flokkar eru þeir sem eru með einhverja atvinnuþátttöku og teljast starfandi, þeir sem ávinna sér engin réttindi, öryrkjar og ellilífeyrisþegar. Sú skipting sem byggð var á er eftirfarandi:

### Skipting íbúafjölda 16 ára og eldri árið 2004 eftir kyni og stöðu á vinnumarkaði

	Starfandi	Ekki ávinnsla réttinda í Isj.	Ellilífeyrisþegar	Öryrkjar	Alls
Karlar	86.700	6.208	13.793	4.712	111.413
Konur	81.984	5.754	17.066	7.303	112.107
Samtals	168.684	11.962	30.859	12.015	223.520

Allstór hópur ávinnur sér engan rétt til lífeyris í lífeyrissjóðum.

Sá hópur er allstór sem af ýmsum ástæðum ávinnur sér engan rétt til lífeyris í lífeyrissjóðum á ári hverju þótt á vinnualdri séu og ekki teljist öryrkjar. Margar skýringar liggja þar að baki en um þær er lítið vitað en stærstu hóparnir eru líklega heimavinnandi, námsmenn og einryrkjar. Í framreikningi er gengið úr frá því að 7% hvers árgangs tilheyrir þessum hópi en þess var þó gætt að hann yrði ekki stærri en heildarfjöldi í árgangi að frádregnum starfandi og öryrkjum.

Framreikningurinn byggir á þeim réttindum sem sjóðsfélagar höfðu aflað sér í árslok 2004 og forsendum um áframhaldandi réttindamyndun í samræmi við framangreinda kúrfu um þróun ævitekna. Í framreikningnum er ekki gert ráð fyrir breytingum á réttindamynduninni frá því sem hún var árið 2004, þ.e. byggð er á óbreyttum ævi- og örorkulíkum og ekki er gert ráð fyrir aukningu kaupmáttar.

#### 5.3.2 Framreikningur á meðalgreiðslum lífeyrissjóða

Meðallífeyrir frá lífeyrissjóðum mun tvöfaldast á næstu 25 árum.

Heildar niðurstöður framreiknings á greiðslum lífeyrissjóðanna birtast í eftirfarandi töflu og línuriti. Framreikningurinn er á verðlagi ársins 2004 og er byggður á þeim réttindum sem sjóðsfélagar hafa áunnið sér í lífeyrissjóðunum og forsendum um áframhaldandi ávinnslu réttinda. Ekki er gert ráð fyrir breytingu réttinda vegna ávöxtunar eða annarra breytinga á forsendum frá því sem var



árið 2004. Niðurstöðurnar eru þær helstar að meðallífeyrir frá lífeyrissjóðum, sem er um 60 þús. kr. um þessar mundir, muni tvöfaldast á næstu 25 árum og verða 120 þús. kr. árið 2030 og 142 þús. kr. árið 2040. Aukning meðallífeyrisgreiðslna lífeyrissjóðanna verður að jafnaði tæp 3% árlega næsta aldarfjórðunginn. Á þessum tíma mun lífeyrisþegum fjölga um rúmlega 20 þúsund eða úr 30 þúsund manns í rúmlega 52 þúsund. Nýir lífeyrisþegar á hverjum tíma hafa mun meiri réttindi en þeir sem eru lífeyrisþegar fyrir, eða sem nemur á bilinu 30-50% hærri lífeyri en að meðaltali í hópi lífeyrisþega. Nýir lífeyrisþegar fá nú um 80 þúsund kr. á mánuði að meðaltali úr lífeyrissjóðunum en sú fjárhæð mun tvöfaldast á næstu þremur áratugum.

### Framreikningur á fjölda lífeyrisþega og meðal lífeyrisgreiðslum á mánuði til ársins 2040

	Allir lífeyrisþegar hjá lífeyrissjóðunum		Nýir lífeyrisþegar hjá lífeyrissjóðunum	
	Fjöldi lífeyrisþega	Meðallífeyrir á mánuði, þús. kr.	Fjöldi lífeyrisþega	Meðallífeyrir á mánuði, þús. kr.
2006	30.126	60	1.262	80
2010	31.572	65	1.785	97
2015	35.483	76	2.426	104
2020	40.727	91	2.777	130
2025	46.733	106	3.191	139
2030	52.538	120	3.292	152
2035	56.749	132	3.143	155
2040	58.089	142	3.431	164

Nýir lífeyrisþegar fá nú 80 þús. kr. á mán. að meðaltali úr lífeyrissjóðum en sú fjárhæð mun tvöfaldast á næstu þremur áratugum.

### 5.4 Samspil lífeyrissjóða og almannatrygginga

Á árinu 2004 námu greiðslur TR og lífeyrissjóða til ellilífeyrisþega álíka háum fjárhæðum eða 21-22 milljörðum króna hjá hvorum aðila fyrir sig. Þessi hlutföll munu taka miklum breytingum á næstu áratugum og smám saman verður hlutverk lífeyrissjóðanna yfirgnæfandi. Eftirfarandi framreikningur á greiðslum TR byggir á því að fjármagnstekjur ellilífeyrisþega verði þær sömu á hverju ári í framtíðinni og þær voru árið 2003, en ekki er gert ráð fyrir fjármagnstekjum hjá örorkulífeyrisþegum. Ekki er reiknað með lífeyristekjum úr séreignarsparnaði. Þáttur hans mun fara vaxandi á næstu áratugum en ekki liggja fyrir nægilega traustar upplýsingar um skiptingu hans til þess að unnt sé að taka hann með í þessa athugun. Það er ljóst að báðar þessar forsendur leiða til ofmats í áætlun um greiðslur TR í framtíðinni sem hér fer á eftir.


Smám saman verður hlutverk lífeyrissjóðanna yfirgnæfandi í greiðslu ellilífeyris.

Eftirfarandi áætlun ofmetur greiðslur TR því ekki er tekið mið af séreignarsparnaði.





Þús kr. á mán. Framreikningur meðaltals ellilífeyris lífeyrissjóða á mánuði til 2040



Eftir áratug munu greiðslur lífeyrissjóðanna hafa aukist um 50% en TR um 15%. Eftir tvo áratugi munu ellilífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna hafa þrefaldast en greiðslur TR um rúman þriðjung. Eftir rúma þrjá áratugi munu lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna nema 100 milljörðum króna og verður hlutur þeirra í lífeyrisgreiðslum í heild orðinn þrjár fjórðu hlutar en hlutur TR orðinn fjórðungur. Þessi þróun er sýnd í eftirfarandi töflu og línuriti.

Framreikningur á lífeyrisgreiðslum lífeyrissjóða og TR til 2040. Milljarðar kr. á verðlagi 2004 og hlutdeild hvors fyrir sig

	Lífeyrissjóðir, milljarðar króna	TR, milljarðar króna	Lífeyrissjóðir %	TR, %
2005	21,9	21,4	51%	49%
2010	24,7	22,2	53%	47%
2015	32,2	24,6	57%	43%
2020	44,5	26,8	62%	38%
2025	59,6	29,4	67%	33%
2030	75,5	31,7	70%	30%
2035	89,9	33,1	73%	27%
2040	99,2	32,9	75%	25%


Þrátt fyrir tvöföldun ellilífeyrisþega munu greiðslur TR einungis aukast um 50%.

Þrátt fyrir næstum því tvöföldun í fjölda ellilífeyrisþega fram til ársins 2040, þ.e. úr 30 þúsundum í tæp 60 þúsund, munu greiðslur almannatrygginga einungis aukast um helming (50%) en á sama tíma munu greiðslur lífeyrissjóðanna næstum því fimmfaldast.

Ástæðan fyrir hægari vexti í greiðslum TR en í fjölda lífeyrisþega er tekjutenging bóta almannatrygginga við aðrar tekjur, þ.á.m. tekjur úr lífeyrissjóðum.

### Framreikningur ellilífeyrisgreiðslna lífeyrissjóða og TR.

Milljónir kr. Milljónir króna m.v. forsendur 2004



Það er áhugavert að fá svar við þeirri spurningu hver áhrif tekjutengingar lífeyrisgreiðslna TR við lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóða eru. Niðurstaða útreikninga á grundvelli þess gagnasafns sem hér liggur

Framreikningur á lífeyrisgreiðslum TR og mat á áhrifum tekjutengingar við greiðslur lífeyrissjóða. Milljarðar kr. á verðlagi 2004.

	Áætlaðar greiðslur TR eftir skerðingar vegna atvinnutekna og tekna maka		Áætlaðar greiðslur TR eftir skerðingu vegna greiðslna úr lífeyrissjóði		Áhrif tekjutengingar við greiðslur lífeyrissjóða á greiðslur TR	
	Örorkulífeyrir TR	Ellilífeyrir TR	Örorkulífeyrir TR	Ellilífeyrir TR	Örorkulífeyrir TR	Ellilífeyrir TR
2006	12,7	28,1	10,8	21,4	-1,9	-6,7
2010	13,7	29,2	11,1	22,2	-2,6	-7,0
2015	14,6	33,2	11,1	24,6	-3,5	-8,6
2020	15,0	38,2	10,8	26,8	-4,2	-11,3
2025	14,6	44,4	10,0	29,4	-4,5	-15,0
2030	13,4	50,7	9,0	31,7	-4,4	-19,0
2035	11,7	55,6	7,8	33,1	-4,0	-22,5
2040	10,0	57,6	6,7	32,9	-3,4	-24,6



fyrir er sú að á árinu 2006 séu örorkulífeyrisgreiðslur TR 1,7 milljarði króna lægri en ella vegna skerðingar vegna greiðslna lífeyrisjóða og ellilífeyrisgreiðslur 6,7 milljörðum króna lægri. Þróunin í áhrifum tekjutengingar lífeyrissjóðsgreiðslna á ellilífeyri verður fremur hæg næsta áratuginn en eftir það vaxa áhrifin hratt og mun skerðing ellilífeyrisgreiðslna TR vegna tekjutengingar nema um 20 milljörðum króna eftir aldarfjórðung, sem er svipuð fjárhæð og TR greiðir nú til ellilífeyrisþega.



**SAMTÖK ATVINNULÍFSINS**

Borgartúni 35, 105 Reykjavík  
[www.sa.is](http://www.sa.is)